



Grunnskólar voru settir víða um land í gær og börn mættu aftur til skóla eftir sumarfrí. Böðvar Stefánsson (fremst) og bekkjarsystkini hans í öðrum bekk í Hlíðaskóla í Reykjavík voru spennit fyrir komandi vetri. Alls verða um 14.500 nemendur í grunnskólanámi í Reykjavík, þar af 1.500 nýnema. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skora á yfirvöld að jafna leikinn

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar 365, Símans, Hringbrautar, ÍNN og Útvarps Sögu skora á stjórnvöld að gera breytingar á löggjöf til að „jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði“.

Fulltrúarnir telja breytinga þörf til að hægt sé að eiga í samkeppni við alþjóðlegar efnisveitur á borð við Netflix sem og Ríkisútvarpið.

Á meðal tillagna fyrrnefndra fulltrúa til úrbóta er að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði og tryggja jafnræði á milli innlendra félaga og erlendra varðandi skilyrði um meðferð á myndefni. — þea / sjá síðu 13

## Bækur nýnema kosta um 100 þúsund

**MENNTAMÁL** Foreldrar nýnema við Menntaskólann í Reykjavík hafa þurft að borga frá niúti til rúmlega hundrað þúsund króna fyrir námsbækurnar sem nemendum er skylt að eiga fyrir námið í vetur. Foreldrar nemanda á náttúrufræðibraut hafa borgað rúmar 107 þúsund krónur fyrir námsgögn, að pennum og stílabók meðtöldum. Leitast var við að kaupa sem mest á skiptibókamarkaði. Til samannburðar greiddi móðir nýnema í Menntaskólanum við Hamrahlíð rúmar fimmtán þúsund krónur.

Karen Mariu Jónsdóttur, móður nýnema í MR sem er á málabraut, blóskraði verðið sem hún segist ekki hafa gert ráð fyrir að yrði

Ég tel það ekki bæta gæði námsins að bókakosturinn sé með þessum verðmiða. Ég myndi halda að það bitnaði á möguleikum fólks til að velja sér nám við hæfi eða eftir áhuga.

Karen María Jónsdóttir, móðir nýnema við MR



svona hátt. „Þetta voru tæpar 90 þúsund krónur þrátt fyrir að meirihluti bókanna væri keyptur á skiptibókamarkaði og hún hafi fengið gamlar bækur lánaðar. Við reyndum að vera mjög útsjónarsöm og notum bækur sem rétt hanga saman.“

Yngvi Pétursson, rektor MR, segir að hugmyndin sé að bækurnar endist nemendum lengur en bara fyrsta árið. Kostnaðurinn verði því væntanlega minni síðar á námsárunum. Aðspurður hvort þessi mikli bókakostnaður minnki ekki möguleika barna frá efnaminni fjölskyldum að sækja nám í MR segist Yngvi vona að svo sé ekki. — snæ / sjá síðu 8

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Friðrik Pálsson skrifar um að ferðafólk vilji íslenskan mat. **16**

**SPORT** Algjör draumabyrjun Jóns Daða hjá Wolves. **18**

**MENNING** Fyrsta gamanmyndahátíð Íslands verður á Flateyri um næstu helgi. **26**

**LÍFID** Hvernig verður sviðið hjá Justin Bieber? **32**



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • HEILSURÆKT**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## LJÓSLEIÐARI HJÁ NOVA

### 100GB

**Netið hjá Nova 3.990 kr.**  
Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.  
Leiga á netbeini 690 kr.  
**Samtals: 7.260 kr.**  
Hver 100<sup>GB</sup> umfram 990 kr.

### 1.000GB


**Netið hjá Nova 5.990 kr.**  
Gagnaveitan, aðgangsgjald 2.580 kr.  
Leiga á netbeini 690 kr.  
**Samtals: 9.260 kr.**  
Hver 100<sup>GB</sup> umfram 990 kr.



Skráðu þig í Ljósleiðara hjá Nova á nova.is, í þjónustuveri Nova eða næstu Nova verslun.



## Veður



Austan 5-13 í dag. Rigning með köflum suðaustan til á landinu en víða bjartviðri norðan- og vestanlands er liður á morguninn en stöku skúrir síðdegis. Hiti allt að 20 stigum á norðan- og vestanverðu landinu en annars 10 til 15 stig.

**SJÁ SÍÐU 24**

## Ríkið selur í Reitum fyrir 3,9 milljarða

**VIÐSKIPTI** Ríkissjóður seldi 6,38 prósentu hlut sinn í Reitum fasteignafélagi á 3,9 milljarða króna. Útboði sem Landsbankinn stýrði lauk í gærmorgun. Ríkið eignaðist hlut í Reitum og fleiri hlutafélögum með stöðugleikaframlögum slita-búa föllnu bankanna.

Alls óskuðu fjárfestar eftir að kaupa 73.010.000 hluti í Reitum, eða sem nemur 9,9% af heildarhlutafé í Reitum. Alls seldi ríkið 47.222.796 milljónir hluta í félaginu. Sölugengi í útboðinu var 83,3 krónur á hlut en gengið verður frá viðskiptunum á miðvikudaginn. Í kjölfar þess að tilkynnt var um söluna hækkaði hlutabréfaverð í Reitum og nam 84,4 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Á meðal stærstu eigna Reita er verslunarmiðstöðin Kringlan. Eftir viðskiptin á ríkið ekki hlut í Reitum.

– ih

## Nautalundir á niðursettu verði



Hagkaup selur nú erlendar nautalundir á lægra verði en ella þar sem Hæstiréttur dæmdi ríkið til að endurgreiða ólöglega innflutningstolla. Bónus hefur selt kjúklinga á lægra verði undir sömu formerkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Sarkozy vill verða forseti Frakklands á nýjan leik

**FRANKLAND** Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseti Frakklands, tilkynnti í gær að hann væri á leiðinni í forsetaframboð á ný. Sarkozy gegndi embætti forseta Frakklands frá 2007 til 2012 en þá laut hann í lægra haldi í kosningum fyrir sitjandi forseta, François Hollande.

„Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í kosningunum árið 2017. Frakkland krefst þess að við gerum allt sem við getum. Ég tel mig búa yfir styrk til að leiða Frakkland í gegn um þessa erfiðu tíma,“ segir í yfirlýsingu Sarkozy.

Neyðarástand hefur verið í Frakklandi allt frá hryðjuverkunum í París í nóvember síðastliðnum þegar hryðjuverkamenn felldu 130 manns. Í síðasta mánuði drap hryðjuverkamaður rúmlega áttatíu

Ég tel mig búa yfir styrk til að leiða Frakkland í gegn um þessa erfiðu tíma.

Nicolas Sarkozy, fyrrum forseti Frakklands



þegar hann ók vörubíl inn í þvögu fólks.

Samkvæmt könnun BVA frá því í júlí mælist Sarkozy með 23 prósentu fylgi í fyrri umferð kosninga. Marine Le Pen, formaður Frönsku þjóðfylkingarinnar, mælist með 29 prósentu fylgi. – þea

## Vöknuðu af værum blundi við lúðraþyt

Ísfirðingar vöknuðu margir við það í gærmorgun þegar þokulúðrar skemmtiferðaskips tóku að glymja í Skutulsfirði. Svartaþoka var í firðinum og bar skipinu að láta vita af sér. Hafnarstjóri fékk mörg símtöl frá miskátum bæjarbúum.

**SAMFÉLAG** Fjölmargir Ísfirðingar hrukku upp með andfælum skömmu fyrir klukkan sjö í gærmorgun þegar þokulúðrar skemmtiferðaskipsins Koningsdam glumdu í Skutulsfirði. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarhafnar, sagði svartaþoku hafa verið yfir firðinum og því hafi skipverjar orðið, reglum samkvæmt, að láta vita af sér. Því voru þokulúðrar skipsins, þeyttir með tveimur löngum flautum á tveggja mínútna fresti fram til hádegis þegar þokunni létti. Koningsdam lá við akkeri skammt fyrir utan höfnina.

Guðmundur bætti við að margir bæjarbúar hefðu hringt í morgunsárið og vilja vita hvað gengi á, missáttir eins og við mátti búast.

„Einhverjir morgunfúllir hringdu, sumir brjálaðir, aðrir kurteisir og sýndu þessu fullan skilning,“ segir Guðmundur. Þá hafi meirihluti bæjarbúa tekið flautinu með ró.

Hafnarstjórinn sagði lund hinna morgunfúllu hafa lést eftir að þokunni létti og sól tók að skína. „Það er bongóblíða og sólskin, allir glaðir núna, skælbrosandi út í eitt í sólinni. Allar götur fullar af fólki, þetta er rosa flottur dagur núna,“ sagði Guðmundur um þrjú leytið í gær. „Við sjáum kannski eftir níu mánuði hverjir notuðu þetta til að ná smá skoti fyrir vinnutímamann,“ bætir hann glettinn við. „Það er það sem okkur vantar á Ísafirði, fleiri íbúa.“



Koningsdam lá við akkeri skammt fyrir utan Ísafjarðarhöfn en hélt á brott síðdegis í gær. MYND/GUÐMUNDUR M. KRISTJÁNSSON

Við sjáum kannski eftir níu mánuði hverjir notuðu þetta til að ná smá skoti fyrir vinnutímamann.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarhafnar



Guðmundur sagði sambærileg atvik hafi gerst áður en nú hafi verið lygnara en oft áður. „Þá glymur í fjöllum. Kannski var bergmálið í morgun meira en oft áður. Það gerist mjög sjaldan á ári að við fáum fjörðinn svona fullan af þoku.“

Koningsdam, sem er 293 metra langt og um hundrað þúsund tonn, hélt úr Skutulsfirðinum um fimm í gær og á að koma að landi á Akureyri í dag. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

**STEFÁN HILMARS HARPA 16.09.16**

UPPSELT KL. 19:30 ATH. BREYTTUR TÍMI

**STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓDFÆRALEIKARA**

SÉRSTAKIR GESTIR: ÞJÓRGVIN HALDÓRSSON EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON JÓHANNA GURRÚN PÁLL RÖSINKRANZ GOSPELÓRINN GÍSPÍ HÖRMAFLÖKKURINN HÖNK & LEYNIGESTIR

**AUKATÓNLEIKAR KL. 22:30**

EIMSKIP Miðsala á harpa.is & fix.is






Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

# Takk fyrir ógleymanlegan dag

Fleiri en **15 þúsund** hlauparar tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka á laugardaginn og settu nýtt met í áheitasöfnun til styrktar góðum málefnum.

Íslandsbanki óskar öllum hlaupurum til hamingju með glæsilegan árangur. Sérstaklega þökkum við öllum þeim sem hétu á hlaupara á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is) og tóku þannig þátt í stærstu fjáröflun landsins fyrir góðgerðarfélög.

Enn er hægt að heita á hlaupara á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is)





# „Óvenjulegt tilvik“ að semja við heimamenn um uppbyggingu

**FJARÐABYGGÐ** Undirritaður var í gær á Norðfjarðarflugvelli samningur milli Fjarðabyggðar og innanríkisráðuneytisins um fjármögnun og framkvæmdir á Norðfjarðarflugvelli sem gera flugvöllinn hæfan til að sinna öryggishlutverki fyrir landsfjórðunginn. Greiðir sveitarfélagið helming kostnaðar á móti ríkinu við endurbætur á flugvöllinum.

„Þetta er óvenjulegt tilvik en þarna er um að ræða flugvöll sem er ekki í grunnneti flugvallanna. Hér er um að ræða lendingarflugvöll og sveitarfélagið sér hag í því að

nýta hann betur og mér finnst það ágætt,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra.

Bæjarráð Fjarðabyggðar afhenti Ólöfu Nordal, ráðherra samgöngumála, harðorða ályktun við tilfnið þar sem harmað er að samfélag heimamanna þurfi að greiða bæði uppbyggingu með skattfé sínu til ríkisins sem og útsvari sínu til sveitarfélagsins. Því væri ekki fyrir að fara annars staðar á landinu.

„Bæjarráð vill árétta að þátttaka sveitarfélagsins og milliganga um fjármögnun í verkefnum sem er að öllu

leyti á forræði ríkisins, er ekki til eftirbreytni. Hlutverk ríkisvaldsins er að tryggja þá innviði samfélagsins, sem snúa að öryggi og heilbrigði landsmanna.“ segir í bókun bæjarráðs.

„Við erum afskaplega ánægð með að framkvæmdir munu hefjast því þetta er mikilvægt samgöngutæki fyrir okkur Austfirðinga. Að sama skapi er það dapurt að í sömu andrá og þessi neyðarbraut er gerð klár til notkunar er annarri lokað í Reykjavík sem skerðir lífsgæði okkar,“ segir Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. – sa



Samningarnir voru undirritaðir í gær á flugvöllinum á Norðfirði. Forseti bæjarstjórnar segir samninginn ánægjulegan.



Eden brann 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Byggi íbúðir á Edenlódinni

**SKIPULAGSMÁL** Lóðin þar sem áður stóð hinn fornfrægi gróðurhúsa- og veitingaskáli Eden í Hveragerði gæti senn fengið nýtt hlutverk.

„Í ljósi þess skorts á lóðum fyrir smærri íbúðir sem nú er í bæjarfélaginu er rétt að vekja athygli bæjarráðs á að Edenlóðin er á forræði sveitarfélagsins og að þar má hæglega koma fyrir fjölda smærri íbúða ásamt verslun og þjónustu,“ segir í minnisblaði sem Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri lagði fram í bæjarráði.

Samþykkt var að hefjast handa við að breyta aðalskipulaginu svo byggja megi íbúðir á Edenlódinni. „Ekki yrði tekið fyrir uppbyggingu á verslun,“ tók bæjarráðið fram. – gar

## OR hagnast um fimm milljarða

**VIÐSKIPTI** Á fyrri helmingi ársins 2016 skilaði rekstur Orkuveitu Reykjavíkur fimm milljarða króna hagnaði, samanborendi við 2,3 milljarða hagnað á sama tíma árið 2015. Rekstrartekjur námu 20,96 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins og hækkuðu milli ára. aunnakostnaður hefur hækkað í samræmi við nýlega kjarasamninga. Nettó vaxtaberandi skuldir OR lækkuðu um níu milljarða króna á fyrri hluta ársins.

Um næstu áramót sjá Veitur, dótturfyrirtæki OR sem sér um veitirekstur samstæðunnar, fram á að lækka gjaldskrár fyrir rafmagnsdreifingu og kalt vatn. – sg

# Meira en helmingur hinna látnu sagður vera á barnsaldri

Forseti Tyrklands segir hryðjuverkamann sem stóð að árásum á laugardag tólf til fjórtán ára.

Forsætisráðherrann segir það ekki víst. 29 af 54 fórnarlömbum voru undir átján ára aldri. Forsetinn segir hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki ábyrg. Fjölmargar árásum hafa verið gerðar á árinu.

**TYRKLAND** Af þeim 54 sem féllu í sprengjuárásinni í Tyrklandi á laugardaginn voru 29 undir átján ára aldri. Prettán voru kvenkyns og þá eru 66 enn á spítala. Þar af eru fjórtán í lífshættu. Þessu greindu lögregluþingmenn í Tyrklandi frá í gær en á laugardag réðst árásumaður á kúrdískt brúðkaup í borginni Gaziantep og sprengdi sig í loft upp.

Þá greindi blaðamaður New York Times frá því að tvö fórnarlambanna hafi verið fjögurra ára, tvö sjö ára, tvö níu ára, eitt tíu ára og sex ellefu ára.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, sagði á blaðamannafundi á sunnudag að árásumaðurinn hafi verið barn á aldrinum tólf til fjórtán ára. Þá sagði Erdogan árásumanninn hafa verið í slagtoppi með hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki. Gaziantep er nærri landamærunum að Sírylandi og vitað er að hryðjuverkamenn Íslamska ríkisins halda þar til. Erdogan nýtti tækifærið og sagði engan mun á Íslamska ríkinu og fylgismönnum klerksins Fethullah Gulen, sem hann segir að hafi staðið á bak við valdaránstítraunina í landinu í síðasta mánuði.

Binali Yildirim, forsætisráðherra landsins, sagði hins vegar í gær að það væri ekki víst. „Visbendingar um árásumanninn hafa ekki enn fundist,“ sagði Yildirim við blaðamenn. Þá sagði hann staðhæfingu Erdogans hafa verið ágiskun byggð á vitnisburði sjónarvotta. Niðurstöðu úr rannsókn á erfðaefni árásumannsins er enn beðið. Þá er tveggja manna, sem saksóknarar segja að hafi sést skutla árásumanninum



Kistuberar berjast við tárin í jarðarför fórnarlamba árásumanna í Gaziantep. NORDICPHOTOS/AFP

# 54

létust í hryðjuverkaárásinni

# 29

fórnarlambanna voru undir 18 ára aldri

á áfangastað, enn leitað. Mevlut Cavusoglu utanríkisráðherra sagði í gær að hreinsa þyrfti landamærin. „Við þurfum að dauðhreinsa landamærin af vígamönnum Íslamska ríkisins,“ sagði hann en tyrkneskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að sýrlenskir uppreisnarmenn, studdir af Tyrkjum, hygðust taka yfir landamæraborgina Jarablus sem er undir hæl Íslamska ríkisins.

Emine Arhan, kona sem viðstödd var árásum, missti fjögur börn á laugardaginn. „Ef það hefði ekki verið fyrir mitt eina eftirlifandi barn væri ég búin að drepa mig,“ sagði

Arhan í viðtali við tyrkneska dagblaðið Haberturk í gær.

Brúðguminn og brúðurin lifðu árásum af en eru á spítala. Veli Can, vitni, sagði í samtali við BBC að veislunni hefði verið að ljúka þegar árásumin varð. „Það var blóð og líkamshlutar úti um allt,“ sagði Can.

Árásumin er langt frá því að vera fyrsta stóra hryðjuverkaárásin í Tyrklandi á árinu. Í júní féllu 45 í sprengjuárás á Atatürk-flugvelli í Istanbul og tólf í skotárás í sömu borg. Þá dóu 37 í bílsprengju í Ankara í mars og 29 í skotárás þar í febrúar. thorgnyr@frettabladid.is

# 365 | Apple tv

## APPLE TV 4 Á 0 KR.

með 12 mánaða áskrift að völdum pökum 365

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS



365





Jón Björnsson  
málameistari

Erlendur Eiríksson  
málameistari



# Kjörvari á við

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.**



Útsöluastaðir Málningar: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði • ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík

**málning**  
- það segir sig sjálft -



# Kragamanna að ákveða um Flokksþing

Kjördæmi Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi verður haldið á fimmtudaginn. Þingmenn kjördæmisins vilja flestir flokksþing og tillaga þess efnis getur knúið flokkinn til þess.

**STJÓRN MÁL** Tillaga þess efnis að boða eigi til flokksþing Framsóknarflokksins fyrir kosningar í haust verður borin upp á kjördæmi Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi næstkomandi fimmtudag sem haldið verður í Kópavogi. Verði tillagan samþykkt mun flokksþing fara fram samkvæmt reglum flokksins.

Hildur Helga Gísladóttir, formaður kjördæmaráðs Framsóknarflokksins, býst við um 200 manns á fundinn en um 330 eiga seturétt. Hún fagnar því efsmalað verður inn á fundinn vegna tillögunnar um að flýta flokksþingi. „Það er fagnaðarefni ef formenn félaga og aðrir sjá til þess að sitt fólk mæti á kjördæmiþingi.“

Þingmenn Framsóknarflokksins í kjördæminu, þau Eygló Harðardóttir, Willum Þór Þórsson og Þorsteinn Sæmundsson, telja réttast að flokksþing verði haldið fyrir næstu kosningar.

„Ég held að það sé að mörgu leyti æskilegt að flýta flokksþingi. Bæði til að skerpa á stefnunni fyrir kosningar og ég held að það sé bara gott fyrir forystuna að fá endurnýjað umboð og fara þannig inn í kosningar,“ segir Þorsteinn Sæmundsson. „Ég myndi styðja þá tillögu fljótt á litið. Það skiptir máli að ræða stöðuna og setja saman stefnuna,“ bætir Willum Þór Þórsson við.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, greiddi atkvæði gegn því um síðustu helgi að flokksþing yrði haldið fyrir kosningar. Sam-

Ég myndi styðja þá tillögu fljótt á litið. Það skiptir máli að ræða stöðuna og setja saman stefnuna.

Willum Þór Þórsson



## 200

manns munu að öllum líkindum sitja kjördæmiþingið á fimmtudaginn.

kvæmt heimildum Fréttablaðsins barðist hann hart gegn tillögunni og sagði réttast að leyfa miðstjórn að boða til flokksþings, þá væntanlega í vor að afloknum kosningum. Fór svo að greiða þurfti atkvæði í tvígang á kjördæmiþinginu. Ekki var óskað eftir leynilegri kosningu heldur var handaupprettning notuð til að greiða atkvæði og gátu þar með allir fundarmenn séð hvernig fundarmenn greiddu atkvæði.

Komi til flokksþings þarf að kjósa um forystu flokksins og líklegt þykir að sitjandi formaður fái mótframboð á fundinum. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Ættingja minnst



Sýrlenskur maður heimsækir leiði fjölskyldumeðlims í Austur-Ghouta-hverfi Damaskus, höfuðborgar Sýrlands. Þrjú ár voru í gær liðin frá efnavopnaárs ríkisstjórnarhers Bashars al-Assad á borgina. Samkvæmt rannsókn forsetaembættis Bandaríkjanna er talið að um 1.400 manns hafi látist í árásinni. NORDICPHOTOS/AFP



Á síðasta flokksþingi var Sigmundur endurkjörinn formaður. Hér sést hann ásamt eiginkonu sinni, Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur, er hann var endurkjörinn.

## Tvö þúsund færri sækja um námslán

**MENNTAMÁL** Umsóknnum um námslán hjá LÍN hefur fækkað um sautján prósent frá skólaárinu 2009 til 2010 og til skólaársins 2014 til 2015. Nú sækja um tvö þúsund færri um námslán en gerðu fyrir fimm árum. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu LÍN.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að þeim sem sækja um námslán erlendis hefur fækkað um tuttugu prósent á sama tíma. Búist er við enn frekari fækkun samkvæmt fjárlögum ársins 2016 eða að erlendir náms-



Tvö þúsund færri sækja um námslán nú en árið 2009. Námsmönnum erlendis sem sækja um lán hefur líka fækkað.

menn verði 2.150 talsins. Skólaárið 2009 til 2010 voru þeir 2.751. Á sama tíma hefur greiðendum fjölgað mikið eða um 27 prósent frá 2009 til 2015.

Stúdentum erlendis fækkar mest í Danmörku eða um 140 manns á milli ársins 2014 og 2015 eða um 21 prósent. Í skýrslunni segir að fækkun nemenda á námslánnum í Danmörku skýrist af opnara aðgengi að svokölluðum SU-styrk en árið 2015 eru alls 1.979 íslenskir námsmenn á styrkjum frá Norðurlöndunum í sínu námi. – snæ

**LYFJA**  
– Lifið heil

## Lægra verð í Lyfju

### 15% afsláttur

Afslátturinn gildir af:  
204 stk. pökkum  
Öllum bragðtegundum  
Öllum styrkleikum







Innovation  
that excites

Zero Emission

# HLAÐINN JÁKVÆÐRI ÍSLENSKRI ORKU



**NÝ 30 KWH RAFHLAÐA.  
250 KM DRÆGNI.**

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**  
Verð: 4.290.000 kr.

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

[ 30 kWh ]  
← 250 km\* →

[ 24 kWh ]  
← 199 km\* →

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Nýnemar greiða stórfé fyrir skólabækur

Tugum þúsunda króna munar á bókakostnaði nýnema við Menntaskólann í Reykjavík og í öðrum skólum. Fimmtíu þúsund króna munur er á skyldubókageign MR og lagadeildar Háskóla Íslands. Móðir nýnema segir að verðið hljóti að hafa áhrif á jafnræði til náms.

**MENNTAMÁL** Foreldrar nýnema við Menntaskólann í Reykjavík hafa þurft að borga frá niúti til rúmlega hundrað þúsund króna fyrir námsbækurnar sem nemendum er skylt að eiga fyrir námið í vetur. Foreldrar nemanda á náttúrufræðibraut hafa borgað rúmar 107 þúsund krónur fyrir námsgögn, að pennum og stílabók meðtöldum. Leitast var við að kaupa sem mest á skiptibókamarkaði.

Til samanburðar má nefna að móðir nýnema í Menntaskólanum við Hamrahlíð greiddi rúmar fimm-tán þúsund krónur fyrir skólabækur. Nýnemum við lagadeild Háskóla Íslands býðst bókapakki með ónotuðum bókum sem kostar rúmar 45 þúsund krónur.

Karen María Jónsdóttir, móðir nýnema í MR, sem er á málbraut, blöskraði verðið sem hún segist ekki hafa gert ráð fyrir að yrði svona hátt. „Þetta voru tæpar 90 þúsund krónur þrátt fyrir að meirihluti bókanna væri keyptur á skiptibókamarkaði og hún hafi fengið gamlar bækur lánaðar. Við reyndum að vera mjög útsjónarsöm og notum bækur sem rétt hanga saman.“ Hún segist alltaf hafa gert ráð fyrir einhverjum bóka-kostnaði. „En þetta gekk svolítið fram af manni. Þetta er ekki beint það sem maður hugsar um varðandi jafnræði til náms. Ég tel það ekki bæta gæði námsins að bókakosturinn sé með þessum verðmiða. Ég myndi halda að það bitnaði á mögu-“

## 37

bækur þurfa nemendur málabrautar í MR að kaupa fyrir árið

leikum fólks til að velja sér nám við hæfi eða eftir áhuga. Það er ekki það sem við viljum í okkar þjóðfélagi, myndi ég ætla.“

Yngvi Pétursson, rektor MR, segir að hugmyndin sé að bækurnar endist nemendum lengur en bara fyrsta árið. Kostnaðurinn verði því væntanlega minni síðar á námsárunum. „Síðan erum við með bækur sem hafa ekki verið kenndar áður á fyrsta ári, og eru þá notaðar öll árin. Við erum með erlendar bækur í efnafræði og líffræði sem eru notaðar öll árin.“

Erlendu bækurnar sem Yngvi vísar til eru Inquiry into Life og Essentials of Chemistry. Í síðustu viku kostuðu þessar tvær bækur samtals rúmar 25 þúsund krónur í Bóksölu stúdenta.

Aðspurður hvort þessi há bóka-kostnaður minnki ekki möguleika barna frá efnaminni fjölskyldum að sækja nám í MR segist Yngvi vona að svo sé ekki. „En ef um eitthvað slíkt er að ræða þá geta þau snúið sér til okkar. Við erum með sjóð sem er hugsaður til að styrkja nemendur sem eru með þannig fjárrád.“

snaeros@frettabladid.is



Námsbækur nýnema við Menntaskólann í Reykjavík eru meira en tvöfalt dýrari en fyrir nýnema við lagadeild Háskóla Íslands. Rektor segir ástæðuna vera að svona raðist kaupin, þau verði ódýrari eftir því sem liður á námið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 25.460 kr.

kostuðu tvær bækur um efnafræði og líffræði í MR

Ég tel það ekki bæta gæði námsins að bókakosturinn sé með þessum verðmiða. Ég myndi halda að það bitnaði á möguleikum fólks til að velja sér nám við hæfi eða eftir áhuga.

Karen María Jónsdóttir, móðir nýnema við MR



Við erum með sjóð sem er hugsaður til að styrkja nemendur sem eru með þannig fjárrád.

Yngvi Pétursson, rektor MR



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



## Stenst kröfur sem stærri bílar væru stoltir af



ŠKODA Rapid kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins

**2.990.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílár Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is



# TAKMARKALAUS AKSTURSGLEÐI ER STAÐALBÚNAÐUR



MAZDA2 FRÁ 2.290.000 KR.

**SKYACTIV**  
TECHNOLOGY



Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fánlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalaus akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)  
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á



# Tillögur sniðnar að eldri lögmönnum

Breyting á lögmannaalögum getur lengt tímann fyrir héraðsdómslögmenntil að fá réttindi til að flytja mál í Hæstarétti um allt að þrjú ár. Formaður félags kvenna í lögmennsku segir tillögunar metnaðarlausar og í ósamræmi við það sem tíðkast á Norðurlöndum.

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is

**DÓMSTÓLAR** Það lítur þannig út að tillögur lögmannafélagsins um breytingar á lögmannaalögum hafi verið samdar þannig að þær tryggja eldri lögmönnum mál í Hæstarétti í lengri tíma. Þetta er mat Krístrúnar Elsu Harðardóttur, formanns Félags kvenna í lögmennsku.

„Þessar tillögur eru samdar af hæstaréttarlögmönnum, ég held að það hafi verið einn héraðsdómslögmaður í þessum verkefnahópi sem kom að þessum tillögum, og svo er einn héraðsdómslögmaður af fimm mönnum í stjórn lögmannafélagsins. Þannig að þetta lítur þannig út,“ segir Krístrún.

„Við vitum að það þarf að breyta reglum um hvernig maður öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti af því að það er að koma nýtt dómstig. En þetta er ekki rétta leiðin að okkar mati, þessar tillögur eru allt of flóknar og í algjöru ósamræmi við það sem er að gerast á Norðurlöndum,“ segir Krístrún.

Síðasta fimmtudag voru tillögur til breytinga á lögmannaalögum samþykktar á fundi Lögmannafélags Íslands. Lítil hluti félaga sat fundinn, eða um sextíu manns af 1.100 manna félagi.

Samkvæmt núverandi kerfi þurfa héraðsdómslögmenntil sem vilja öðlast réttindi til málflutnings í Hæstarétti að hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmenntil í fimm ár, hafa flutt þrjátíu mál fyrir héraðsdómi (þar af tíu einkamál) og fjögur prófmál í Hæstarétti. Oft hefur verið erfitt fyrir lögmenn að öðlast réttindi vegna þess að erfitt hefur verið að fá prófmál í Hæstarétti. Með nýju tillögunum munu héraðsdómslögmenntil eftir fimm ár sem slíkir og eftir að hafa flutt tuttugu og fimm mál fyrir héraðsdómi (fimmtán einkamál) hljóta málflutningsréttindi í Landsrétti eftir fjögur prófmál þar, og hljóta málflutningsréttindi í Hæstarétti þremur árum síðar eftir að hafa flutt fimmtán mál fyrir

Ég skil ekki af hverju við þurfum auka stall til að flytja mál í Hæstarétti. Að mínu mati ættirðu að vera með réttindi í Hæstarétti líka þegar þú ert kominn með réttindi fyrir Landsrétt.

Krístrún Elsa Harðardóttir, formaður Félags kvenna í lögmennsku




Landsrétti (tíu einkamál). Tilgangur tillagnanna að sögn lögmannafélagsins er að auðvelda öflun réttinda til málflutnings á æðri dómstigum. Ekki eru þó allir sammála því að það muni takast með tillögunum.

„Það hefur verið krafa frá lögmönnum um það í mörg ár að setja upp skilyrði fyrir því að þeir sem taki héraðsdómslögmannspróf séu með starfsreynslu af lögmennsstofu. Í stað þess að verða við þessari kröfu lögmanna, býr Lögmannafélag Íslands til kerfi sem þeim finnst hentugt en það fékk eiginlega enginn að segja neitt um þetta,“ segir Krístrún.

Hún segir að á Norðurlöndum dugi ýmist starfsreynsla til þess að flytja mál í Hæstarétti eða tvö prófmál. Hún telur að nægja myndi að hafa tvö prófmál í Landsrétti til að hljóta málflutningsréttindi þar, prófmálin ættu þó ekki að vera bundin neinum öðrum lögmanni. „Ég skil svo ekki af hverju við þurfum auka-stall til að flytja mál í Hæstarétti. Að mínu mati ættirðu að vera með réttindi í Hæstarétti líka þegar þú ert kominn með réttindi fyrir Landsrétt.“

„Það þarf að einfalda þetta. Þetta eru metnaðarlausar tillögur, unnar í einhverri fljótferni. Það er eitt og hálf ár í að Landsréttur taki til starfa, getum við ekki unnið þessar tillögur vel og af vandvirkni í stað þess að stjórnin slengi bara einhverjum tillögum framan í félagsmenn í sumarfrí og samþykki með ótalinni handauppréttingu.“



## Skilyrði til að verða hæstaréttarlögmaður

### Héraðsdómslögmaður

- Ljúka fullnaðarnámi í lögræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi.
- Standast prófraun (bæði bóklega og verklega) sem þriggja manna prófnefnd annast.



### TIL AÐ VERÐA HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

#### Núverandi kerfi

**5**  
ÁR

Hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár.

**30**  
MÁL

Hafa ekki flutt færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

Par af a.m.k. **tíu einkamál.**

Einkamál þurfa að fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar (Landsréttar) eða hafa fengið leyfi til áfrýjunar.

#### Prófraun

**4**  
MÁL

Flutningur fjögurra mála sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum.

Par af a.m.k. **tvö einkamál.**

#### Réttindi til að flytja mál fyrir Landsrétti

**5**  
ÁR

Hefur haft réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómsstóli í fimm ár.

**25**  
MÁL

Hefur flutt ekki færri en 25 munnleg mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

Par af a.m.k. **fimmtán einkamál.**

#### Prófraun

**4**  
MÁL

Flutningur fjögurra mála sem flutt eru í Landsrétti.

Par af a.m.k. **tvö einkamál.**

#### Réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti

**3**  
ÁR

Hefur haft réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti í þrjú ár.

**15**  
MÁL

Hefur flutt ekki færri en fimmtán mál munnlega fyrir Landsrétti.

Par af a.m.k. **tíu einkamál.**

#### SAMTALS

**5** ár+

#### SAMTALS

**8** ár+

## Fyrstu heyrnartækin sem taka eðlilegri heyrn fram í háværu umhverfi

Siemens Pure binax eru fyrstu heyrnartæki veraldar sem gera þér kleift að heyra betur en fólk með eðlilega heyrn. Þessi nýju tæki nota háþróaða binaural tækni sem dregur sjálfvirk fram einmitt það sem þú vilt heyra en sjar jafnframt burt eða dempar þau óþarfa hljóð sem þú vilt ekki heyra. Þú getur einnig stefnumiðað hlustunarsviði tækjanna

og þannig beint hlustun þinni að einmitt þeirri manneskjú sem þú ræðir við hverju sinni. Þannig gera tækin þér auðveldara að halda uppi samræðum í háværu fjölmenni. Rannsóknir sýna enn fremur að binax tækin greina tal betur í hávæða en fólk með eðlilega heyrn getur. Binax tækin tengjast einnig snjallsímanum þínum svo þú getur stjórnað styrk, hlustunar-kerfum og fleiru í gegnum símann.

Komið, prófið og sannfærð!

www.bestsound-technology.is

Siemens heyrnartækin

Söluaðili á Íslandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Háaleitisbraut 1, s:5813855, www.hti.is

## Rannsaka áhrif þangs á blóðsykur

**VISINDI** Hafin er rannsókn til að kanna áhrif bóluþangs á skammtíma blóðsykur hjá fullorðnum einstaklingum.

„Rannsóknir á lífvirkum efnum í þanginu bæði hér heima og erlendis benda til þess að það geti haft jákvæð áhrif á blóðsykur,“ segir Aníta Sif Elidóttir næringarfræðingur. Hún mun hjálpa til við framkvæmd rannsóknarinnar sem Rannsóknarstofa í öldrunarfræðum og matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands hefur umsjón með. Rannsóknin er unnin sem hluti af samnorrænu verkefni um lífvirkni þörungna sem styrkt er af Nordic Innovation og stýrt af Matis.

Helsta virkni þangsins felst í því að það dregur úr upptöku kolvetna í meltingarvegi.

Nú er leitað að þátttakendum í rannsóknina sem þurfa að vera heilbrigðir, 40 ára og eldri með líkamsþyngdarstuðul 30 kg/m<sup>2</sup> eða hærri. „Rannsóknin fer í stuttu máli þannig fram að þátttakendur munu mæta þrisvar sinnum og fá mismunandi skammta af blöðruþangi ásamt 50 g af kolvetnum. Þá eru framkvæmd blóðsykurspróf og líkamsmælingar,“ segir Aníta. – kbg

» Talið er að þangið geti dregið úr upptöku kolvetna í meltingarvegi.



Íslenska þangið sem hefur lengi verið notað til manneldis gæti nýst til lækninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

HEFSTÍDAG

# SPRENGI VIKKA

Viðarvörn og útimálning  
**20% afsláttur**



**20%  
afsláttur**  
ÖLL viðarvörn  
og útimálning

Allar perur  
**20% afsláttur**

**OSRAM**



**SPRENGIVERÐ**

Á meðan birgir endast

Erikur, 3 stk.

**999** kr

~~1.797~~ kr



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



## Lögmálið EES



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Í opinberri umræðu gerist það oft að ákveðin afstaða nær það mikilli útbreiðslu að hún verður almennt viðurkennd, næstum eins og náttúrulegt. Dæmi um slíkt mál er sú skoðun að aðild Íslands að EES-samningnum hafi eingöngu verið jákvæð reynsla sem hafi fært Íslendingum hreinar hagsbætur.

Líkt og fjallað hefur verið um á þessum vettvangi er beint orsakasamband á milli mikillar lífshagsbætur á Íslandi eftir miðbik tíunda áratugarins og aðildar að EES-samningnum hinn 1. janúar 1994. Á þeim rúmu 22 árum sem liðin eru frá því samningurinn tók gildi hefur reynslan sýnt að samningurinn er efnislega séð sveigjanlegur samningur. Í skýrslu Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands um stöðu og virkni samningsins kom hins vegar fram að embættismenn, bæði í Evrópu og á Íslandi, væru sammála um að engar líkur væru á því að samningurinn yrði uppfærður í fyrirsjáanlegri framtíð. Að þessu sögðu er hins vegar ekkert sem bendir til þess að samningnum verði sagt upp.

Í þessu blaði í gær var sett fram sú skoðun að alvarlegur lýðræðishalli á samningnum væri vandamál sem hefði fylgt honum frá upphafi. Í skýrslu Alþjóðastofnunar kom fram að lýðræðishallinn hefði aukist enn frekar samhliða breytingum innan Evrópusambandsins og fulltrúar Íslands hefðu á okkar tímum enn þá minni áhrif á ákvarðanir en áður. Eina leiðin til að laga þetta vandamál væri að breyta sjálfum samningnum. Og það er ekki að fara að gerast.

Frjálst flæði fjármagns bætti lífskjör á Íslandi en skapaði vandamál á sama tíma. Það voru engin höft sett á innflæði gjaldeyris sem skapaði ævintýralegt ójafnvægi í íslensku hagkerfi. Í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið kemur fram að íslensk stjórnvöld nýttu sér ekki þann kost sem gefinn er á því að taka upp strangari ákvæði en eru í rammalöggjöf EES um eftirlit með bönkum. Hægt hefði verið að setja í upphafi þrengri skorður við starfsemi þeirra en fjármálafyrirtækja í öðrum löndum Evrópska efnahagsvæðisins.

Í dag, átta árum eftir bankahrunið, einkennir mikill seinagangur innleiðingu gerða um regluverk fjármála-markaðarins, rétt eins og innleiðingu annarra ESB-reglna. Þökk sé gjaldeyrishöftum og smæð markaðarins hefur þetta gengið stórslysalaust fyrir sig, þrátt fyrir allt. Samkvæmt upplýsingum þessa blaðs starfa aðeins fjórir lögfræðingar fjármálaráðuneytisins að innleiðingu gerða og þeir eru langt á eftir áætlun.

Þessi dæmi og þau sem að framan eru rakin eru aðeins nokkur af mörgum um hvernig Ísland dregur lappirnar sem hinn eiginlegi tosi EES-samstarfsins. Við erum nánast aðhlátursefni í Brussel og starfsmenn ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, gera varla annað að reka á eftir okkur. Fulltrúar íslenskra stjórnvalda verða að fara að gera upp hug sinn. Annaðhvort stöndum við okkar plikt sem þátttakandi í þessu samstarfi eða förum í vegið hagsmunamat á því hvort það sé yfirhöfuð heppilegt fyrir Ísland að vera aðili að þessum samningi. Við þá endurskoðun eignum við ekki að taka aðild að samningnum sem einhvers konar algildu náttúrulegumáli. Við eignum að efast um veru okkar í EES eins og allt annað í lífinu. Ekkert í þessu lífi er hafið yfir gagnrýni, efasemdir eða endurskoðun.



Samkvæmt upplýsingum þessa blaðs starfa aðeins fjórir lögfræðingar fjármálaráðuneytisins að innleiðingu gerða og þeir eru langt á eftir áætlun.

Halldór



## Frá degi til dags

Sá á kvölinu sem á völna Segja má að uppgjör sé í vandum innan Framsóknarflokksins um hver eigi að fara fyrir flokknum í komandi kosningum. Formaðurinn er laskaður og traust til hans er ekki mikilið hjá almenningi en ekki er að sjá augljósan arftaka hans í flokknum. Áhugavert verður að sjá hvernig almennir flokksmenn vilja taka á málum. Vilja þeir fara í kosningu með hreint borð þar sem þeir geta rætt um þau góðu mál sem flokkurinn hefur náð í sitjandi ríkisstjórn, eða vilja þeir fremur ræða fortíðardrauga og erlend aflandsfélög í komandi kosningabaráttu? Þeirra er valið.

Lítilvæg endurkoma Þann 25. júlí boðaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson endurkoma í stjórn málin með bréfi til flokksmanna. Sagði hann andstæðinga munu ráðast á sig og flokkinn, jafnvel ofsafengin viðbrögð eins og hann orðaði það í bréfinu, til marks um að ögn stæði af flokknum. En nú er áhugavert að sjá hvernig þessi endurkoma formannsins hefur verið. Sigmundur situr ekki í neinni nefnd á vegum þingsins og hefur hann ekki enn þá tekið til máls á þessu þingi. Endurkoma hans hefur því falist að mestu í að hitta stuðningsmenn sína í Norðausturkjördæmi. Verður það að teljast til áhugaverðustu endurkoma í íslenskum stjórnámum. sveinn@frettabladid.is

## Ritari staðlausra stafa



Hildur Sverrisdóttir  
borgarfulltrúi

Ritari framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, Óskar Steinn Ómarsson, gaf LÍN-frumvarpi menntamálaráðherra falleinkunn í grein sinni í blaðinu þann 22. ágúst. Fullyrti ritarinn að kennarar og hjúkrunarfræðingar myndu bera skarðan hlut frá borði yrði LÍN-frumvarpið að lögum. Visaði hann sérstaklega til þess að greiðslubyrði láná þessara hópa myndi þyngjast vegna hækkunar vaxta á námslánunum og afnáms tekjutengingar afborgana. Allt þetta fullyrti hann án þess að visa til nokkurra heimilda eða gagna. Þetta er rangt. Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) framkvæmdi greiningu á áhrifum frumvarpsins á greiðslubyrði námsmanna í hinum ýmsu deildum háskólans. Niðurstöður þeirrar greiningar eru þvert á fullryðingar ritarans.

Samkvæmt greiningu SHÍ var m.a. miðað við að allir núverandi lántakendur myndu taka námslán fyrir 180 einingum. Þá var niðurstaðan sú að 126 af 127 af lántakendum í 180 eininga námi í hjúkrunarfræði myndu standa betur að vígi yrði LÍN-frumvarpið að lögum. Sömu sögu er að segja af 193 af 207 lántakendum í 180 eininga kennaranámi. Þá myndi hagur 21 af 22 lántakendum í 180 eininga leikskólakennaranámi vænkast og sama er að segja um hag allra þriggja lántakenda í 180 eininga námi í hagnýtri kynjafræði. Af þessum dæmum leiðir að þessar „kvennastéttir“ hafi mikla hagsmuni af því að frumvarpið verði að lögum.

Það er staðreynd að yfirgnæfandi meirihluti námsmanna mun verða í betri fjárhagslegri stöðu verði frumvarpið samþykkt. Frumvarpið miðar að því að minnka brottfall nemenda og auka líkurnar á að þeir ljúki námi á tilsettum tíma, auk þess að gera námslánakerfi ríkisins gagnsærra og sanngjarnara. Þá mun frumvarpið hvetja námsmenn til að vinna minna með námi, enda munu þeir fá mánaðarlegan 65 þúsund króna styrk frá ríkinu.

Eða kannski, ef eitthvað er að marka orð þingmanns Pirata í ræðustól Alþingis, mun bætt fjárhagsstaða námsmanna fyrst og fremst skila sér í aukinni drykkju á börum bæjarins. Orð þingmannsins dæma sig sjálf, en það er nauðsynlegt til að dæma frumvarpið út frá réttum upplýsingum. Kynna má sér til dæmis ítarlega greiningu Stúdentaráðs (sem stjórnarandstaðan kvartaði reyndar yfir að væri of ítarleg!) á heimasíðu SHÍ, student.is.



Það er staðreynd að yfirgnæfandi meirihluti námsmanna mun verða í betri fjárhagslegri stöðu verði frumvarpið samþykkt.

**RISA**  
**ÚTSALA**  
**20-60%**  
**AFSLÁTTUR!**  
**ÓTRÚLEG TILBOÐ Á HEILSURÚMUM!**  
**rekkjan**  
HEILSURÚM





**Arnþrúður Karlsdóttir**  
fyrir hönd  
Útvarps Sögu



**Ingvi Hrafn Jónsson**  
fyrir hönd  
INN



**Orri Hauksson**  
fyrir hönd  
Símans



**Rakei Sveinsdóttir**  
fyrir hönd miðla  
Hringbrautar



**Sævar Freyr Þráinsson**  
fyrir hönd  
365 miðla

## Áskorun um gerð lagabreytinga

Undirrituð félög skora á ráðherra og Alþingi að gera nauðsynlegar og tímabærar breytingar á lögjöf til þess að jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Við biðjum um sanngjarnt rekstrarumhverfi og andrými, þannig að fjölbreyttir íslenskir miðlar geti blómstrað, samhliða ríkisstyrktum fjölmiðli, erlendri samkeppni og nýrri tækni.

Neysluhegðun fólks og þær leiðir sem auglýsingafé streymir um eru að breytast hratt, staðbundnum einkamiðlum í óhag. Innlendir miðlar geta ekki aukalega borið þungar byrðar frá hinu opinbera. Einkareknir miðlar eiga í vaxandi erfiðleikum með að mæta samkeppni alþjóðlegra tæknirisa eins og Netflix, Google, Facebook, Amazon, Hulu og HBO.

Aðkoma ríkisins með milljarða beinum fjárframlögum til RÚV ásamt því að lagaumhverfið hefur ekki þróast í takt við öra þróun er að sjúga allt sírefni úr fjölmiðlafyrirtækjum. Lagaumhverfið stuðlar að ójafnri stöðu gagnvart RÚV og erlendri samkeppni sem greiðir ekki skatta af starfsemi sinni á Íslandi. Verði ekki gerðar breytingar fljótt er ljóst að það geti haft óafturkallanleg



**Aðkoma ríkisins með milljarða beinum fjárframlögum til RÚV ásamt því að lagaumhverfið hefur ekki þróast í takt við öra þróun er að sjúga allt sírefni úr fjölmiðlafyrirtækjum. Lagaumhverfið stuðlar að ójafnri stöðu gagnvart RÚV og erlendri samkeppni sem greiðir ekki skatta af starfsemi sinni á Íslandi.**

áhrif á rekstur og framtíðarhorfur íslenskra samkeppnisaðila.

### Tillögur til úrbóta

- Að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði um næstu áramót. Svo ekki þurfi að koma til skerðingar á starfsemi RÚV væri til dæmis möguleiki að hækka útvarpsgjaldið sem nemur tekjumissi og tryggja þannig óbreytta starfsemi.
- Að virðisaukaskattur verði ekki tekinn af starfsemi fjölmiðla sem

myndi tryggja jafnari stöðu gagnvart erlendri samkeppni sem og að staða fjölmiðlafyrirtækja yrði jafnari gagnvart beinum ríkisstyrkjum til RÚV.

- Að jafnræði verði tryggt milli innlendra félaga og erlendra varðandi kvæðir og skilyrði um meðferð á myndefni. Má nefna að svigrúm verði aukið svo hægt verði að bjóða ótextað efni í efnisveitu eða bjóða íþróttaleiki með erlendu tali á efni þar sem áhorf mælist undir fimm prósentum. Með þessu væri hægt að auka úrval og draga úr núverandi ójafnræði milli innlendra og erlendra aðila á markaðinum.
- Að sömu reglur gildi um innlendar og erlendar efnisveitur og svo innlendar veitur, sem hyggjast framleiða ólínulegt efni, sitji við sama borð og alþjóðlegir fjölmiðlarisar.
- Að skilgreiningar á hugtökum í fjölmiðlalögum verði uppfærðar í takt við aðurnefndar tækniframfarir undanfarið ár.
- Að stjórnvöld grípi til úrræða til að styðja við talsetningu á erlendu myndefni fyrir börn, sem og textun á innlendu myndefni fyrir heyrnarskerta áhorfendur.



Endalaust sumar

**ENDALAUS GSM**  
**2.990 KR.**

**ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN\***

EKKI HAFNA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINI Í SUMAR!

Settu þig í samband og fáðu **Endalaust GSM**

1817 365.is



\*Gætt er aukaloga fyrir farismarkaðum erlends, til útlenda og í upplýsingum.  
Náttúruupplýsingar er að frama GSM skilnúmerum á 365.is  
\*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur batist við ef farið er umfram 30 GB

# 100%

# ÁSTRÍÐA

**VERTU KLÁR 27. ÁGÚST 2016**

Eitt flottasta götuhjólámót landsins, RB Classic

Skráning og nánari upplýsingar [www.rbclassic.is](http://www.rbclassic.is)

REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | [www.rb.is](http://www.rb.is)



# Ferðafólk vill íslenskan mat



Friðrik Pálsson  
hótelhaldari

Í mínum huga ríkir enginn efi um að íslenskur matur er fjór-egg ferðaþjónustunnar ekkert síður en landið sjálft. Af nokkuð langri reynslu af rekstri veitinga- og gístaða get ég fullyrt að uppruni og ferskleiki eru gestum ofarlega í huga.

Ég tek gesti mína oft tali og spjallið beinist gjarnan að matnum, hvaðan hann sé og hvernig hann sé verkaður og matreiddur. Og það er sama hvort um er að ræða kjöt, fisk eða grænmeti, það sem skiptir höfuðmáli í hugum gesta er að maturinn sé íslenskur, ferskur og heilnæmur. Veitingastaðir á mínum vegum eru ekki af ódýrasta taginu og það myndi gjaldfella þá verulega ef okkur tækist ekki að standa undir því orðspori að bera á borð mat úr góðu íslensku hráefni.

## Mikilvæg sérstaða

Við sem viljum efla sjálfbæra ferðaþjónustu eigum mikið undir því að bændur og aðrir matvæla-

framleiðendur í landinu vandi sitt verk og ekki falli blettur á þeirra framleiðslu. En við hugleðum það einnig of sjaldan að ákvarðanir sem teknar voru á síðustu öld hafa skapað okkur sérstöðu sem við höldum of lítið á lofti.

Íslenskir bændur mótuðu þá stefnu árið 1985 að blanda ekki sýklalyfjum í fóður eins og víða er gert í öðrum löndum heldur nota þau eingöngu í lækningaskyni. Með þessu tóku þeir mikilvægt skref í átt til bættrar lýðheilsu á Íslandi. Lambið á matseðlinum hjá mér á því að vera jafn ferskt og laxinn úr Rangánni. Og víst er að notkun sýklalyfja og annarra eiturefna í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta sem þekkist í Evrópu og á heimsvísu.

Íslenskir húsdýrastofnar eru því sem næst lausir við algenga búfjárjúkdóma sem landlægir eru í nágrennalöndum okkar, t.d. gin- og klaufaveiki og kúariðu svo dæmi séu nefnd. Það er viðkvæm staða sem þarf að vaka yfir nánast með kjafti og klóm.

Fyrir hálfri öld var einnig tekin sú ákvörðun að vaxtarhvetjandi hormónar yrðu heldur ekki leyfðir í íslenskri framleiðslu. Notkun tilbúins áburðar er enn fremur svo lítil á Íslandi að áburðarmengun mælist ekki hér.

Sjálfsagt hefur stefnumótun af

þessu tagi hamlað framleiðniaukningu til skemmri tíma en með tímanum hefur hún skapað sérstöðu og sjálfbærni.

## Merkingar segi satt

Vaxandi áhyggjur eru af notkun skordýraeiturs og gróðureyðingar-efna í landbúnaði víða um lönd og má meðal annars vitna þar til deilna um þau mál innan alþjóðastofnana. Leiddar hafa verið líkur að því að notkun slíkra efna sé farin að hafa alvarleg áhrif á heilsu fólks sem neytir afurða sem framleiddar eru með aðstoð slíkra efna.

Bændasamtökin hafa kallað eftir því að landbúnaðarvörur beri merkingar sem upplýsi almenn- ing um atriði eins og lyfjanotkun, aðbúnað dýra og fleiri þætti sem eru mikilvægir í hugum fólks. Eins og staðan er nú er ógjörningur að nálgast upplýsingar um lyfjanotkun við framleiðslu þeirra matvæla sem eru til sölu í verslunum á Íslandi. Það er ólíðandi staða til lengdar og ekki nema sanngjarnt að íslenskar landbúnaðarvörur njóti þess í samkeppni að vera framleiddar með heilnæmum hætti.

Íslenskur landbúnaður hefur að öllum líkindum mikla sérstöðu þegar kemur að notkun efna af þessu tagi. Sem dæmi þá notar íslensk ylrækt, sem ræktar m.a. jarðarber, tómata og gúrkur, blóm

og margskonar grænmeti, lífrænar varnir (skordýr) til að verja sína uppskeru en ekki eiturefni. Það er stolt okkar í ferðaþjónustunni að geta sýnt gestum gróðurhús þar sem íslenskt grænmeti er framleitt með endurnýjanlegum orku- gjöfum, hreinu vatni, rafmagni og jarðhita, og skordýr notuð gegn óværu.

## Hreinasta landbúnaðarlandið

Samkvæmt minni reynslu eru ferðamenn sem sækja landið heim upp til hópa þeirrar gerðar að þeir gera ríkar kröfur til matvæla, t.d. um hreinleika, gæði og ferskleika, og til velferðar dýra.

Eins og ég hef rakið hér í stuttu máli, þá vill svo heppilega til að við getum haldið því fram að Ísland sé sérlega hreint landbúnaðarland. Það eigum við meðal annars að þakka framsýni bændastéttarinnar á liðnum áratugum. Slík framsýni þarf einnig að ráða ákvörðunum okkar í dag. Því þarf að framfylgja af festu samningum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði og endurheimta votlendi af sama kappi og fráveituskurðir voru grafnir á síðustu öld. Og við þurfum kinnroðalaust að geta sagt að gróður sé í sókn á öllum landsvæðum Íslands og hvorki eldgos né sauðfjárbeit sveigi okkur frá



Ég tek gesti mína oft tali og spjallið beinist gjarnan að matnum, hvaðan hann sé og hvernig hann sé verkaður og matreiddur. Og það er sama hvort um er að ræða kjöt, fisk eða grænmeti, það sem skiptir höfuðmáli í hugum gesta er að maturinn sé íslenskur, ferskur og heilnæmur.

því markmiði í landgræðslu og gróðurvernd.

Við erum býsna nálægt því að geta sagt með vissu að Ísland sé hreinasta landbúnaðarland í heimi. Það er margt sem bendir til þess að slík fullyrðing gæti staðist þegar í dag. En það þarf ítarlegri rannsóknir og alþjóðlegar vottanir til þess að fá það skráð í heimsmetabókina. Hröpum því ekki að ályktunum en gerum okkur í hugarlund hve dýrmætt það yrði að geta hampað slíku vörumerki með réttu í framtíðinni.



Arnar starfar í öryggisleit á Keflavíkurflugvelli. Á hverri vakt skoðar hann farangur þúsunda farþega og þannig tryggir hann öryggi allra farþega um borð. Þannig er Arnar hluti af góðu ferðalagi farþega á hverjum degi.



# Skólar á forsendum nemenda



**Magnús Már Guðmundsson** borgarfulltrúi og frambjóðandi í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík

Óvída er algengara að ungt fólk hafi ekki lokið framhaldsskólanámi en á Íslandi þar sem athuganir liðinna ára sýna allt að 25-30% framhaldsskólanema ljúka ekki námi. Þessi hópur er útsettari fyrir því en aðrir að verða lélegri til heilsu síðar á lífsleiðinni samanborið við þá sem hafa menntun á framhaldsskóla- og háskólastigi. Lífslíkur eru sömuleiðis verri. Einstaklingur með menntun frá háskóla hefur þannig 9,3 lífár umfram það sem hann hefði haft hefði hann bara hlotið menntun á grunnskólastigi. Þá hafa þeir sem meiri menntun hafa almennt hærra tekjur en aðrir auk þess sem þeir eru líklegri til að þurfa ekki á félagslegri aðstoð að halda. Það er því til mikils að vinna fyrir þessa nemendur og samfélagið allt ef við náum að draga úr brotthvarfi úr námi.

Áætlað hefur verið að kostnaður þjóðfélagsins við brotthvarf nemi um 14 milljónum á hvern þann

sem hættir námi í framhaldsskóla eða um tíu milljörðum á ári. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu létu vinna og var kynnt fyrir tveimur árum sem hluti af sóknaráætlun sveitarfélaganna í skólamálum til næstu ára.

## Ólíkar ástæður

Í ljósi þess að við búum við mikið og viðvarandi brotthvarf úr námi er mikilvægt að greina stöðuna vel. Ýmsar ástæður hafa verið taldar til sem stuðla að brotthvarfi. Námskráin hefur talsvert um stöðuna að segja og þá nálgun sem hún ýtir undir eða stuðlar að í námi. Þetta hefur breyst en þarf að breytast meira. Námið, nálgunin og kennsluáferðir hreinlega höfða ekki til margra nemenda sem gefast upp.

Sem fyrrverandi framhaldsskólakennari leyfi ég mér að fullyrða að nám og kennsla standi á ákveðnum tímamótum. Sem er spennandi. Samfélagið er að breytast, hraðinn að aukast og kröfurnar eru aðrar. Fjöldmargir kennarar og grunn- og framhaldsskólarar hafa tekið mið af þessu í sínu starfi og má segja að talsverð gerjun eigi sér nú stað.

Meðal ástæðna sem einnig stuðla að háu brotthvarfi á Íslandi er litið og illa ígrundað námsval nemenda sem og innprentuð áhersla sam-

félagsins á mikilvægi bóknáms umfram verknám. Rannsóknir hafa sýnt að hópur nemenda virðist velja námsbraut í framhaldsskóla gagnstætt áhugasviði sínu. Þrátt fyrir að allt að helmingur nemenda á unglingsstigi grunnskóla hafi meiri á áhuga á verknámi velja fjöldmargir nemendur frekar að fara í bóknám.

Fræðikonurnar Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Ægisdóttir hafa bent á að skuldbinding margra nemenda til náms er ekki til staðar. Þannig virðast margir nemendur ekki sjá tilgang með námi sínu. Því óvissari sem grunnskólanemendur eru um val á námi og námsbraut því minni er skuldbindingin og meiri líkur eru á þeir flosni upp úr námi í framhaldsskóla. Skortur á upplýsingum um nám og störf skiptir þar miklu og þar er hægt að gera betur. Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að vinna með námi er algengari á Íslandi en í flestöllum öðrum ríkjum OECD.

## Aðgerðaáætlun í fimm liðum

Afar brýnt er að marka stefnu til framtíðar og ráðast í markvissar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi úr framhaldsskólum. Horfa þarf til lesblindra nemenda og ungmenna af erlendum uppruna. Vinnubrögð og val á viðfangsefnum í námi skipta þannig gríðarlega

miklu máli. Mæta þarf nemendum betur. Líkur eru á að hluti hópsins festist í óvirkni þrátt fyrir að fjöldmörg virkniúrræði standi til boða á vegum ríkis, sveitarfélaga og samstarfsaðila og að þau þurfi á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda hjá sveitarfélögunum. Í verstu tilfellum leiðir óvirknin til örorku sem er skelfilegt hlutskipti fyrir þá nemendur sem með markvissari hætti hefði verið hægt að veita meiri stuðning.

Móta þarf áætlun þar sem nemendamiðað skólastarf er aukið, vægi verknáms er eftt, boðið verði upp á sálfræðipjónustu í frekari mæli, það rýnt hvort fjölga þurfi námsráðgjöfum auk þess sem byrja þarf að skima fyrir áhættuþáttum brotthvarfs fyrir, en nú er það gert í fyrstu vikum nemenda í framhaldsskóla. Náms- og starfsfræðsla er mikilvæg og hefur verið bent á að í sumum löndum er hún hluti af skyldunámskeiðum í grunnskólum, meðal annars í Bretlandi og Noregi. Skoða þarf hvort fara eigi þá leið í grunnskólum hér á landi auk þess að byrja að skima þar.

Þá hafa áður nefnd Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Adalbjarnardóttir komist að því í sínum rannsóknum að stuðningur við börn þegar þau eru 14 ára og uppeldisaðferðir foreldra skipti máli og geti haft áhrif á brotthvarf úr



**Móta þarf áætlun þar sem nemendamiðað skólastarf er aukið, vægi verknáms er eftt, boðið verði upp á sálfræðipjónustu í frekari mæli, það rýnt hvort fjölga þurfi námsráðgjöfum auk þess sem byrja þarf að skima fyrir áhættuþáttum brotthvarfs fyrir en nú er það gert í fyrstu vikum nemenda í framhaldsskóla.**

námi síðar. Þannig að ábyrgð foreldra er sömuleiðis mikil og þar munar mestu um hlýju og stuðning á æskuárum.

## Fjárfestum í framtíðinni

Skólarnir eiga að vera jöfnunartæki þar sem aðstöðumunur barna úr ólíku umhverfi og fjölskyldum jafnast út. Við eigum að ráðast í stór-atak í menntamálum með áherslu á jákvæðar aðgerðir sem draga úr brotthvarfi nemenda og fjárfesta þannig í framtíðinni.



Sigrún er á leið í frá til Frakklands að hitta vini sína. Hún hlóð spjaldtölvuna sína og skoðaði í búðir og naut lífsins á meðan hún beið eftir fluginu sínu.



ISAVIA

## VIÐ ERUM HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI

Hjá **Isavia** starfar samhentur hópur starfsmanna. Markmið okkar er að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra 30 milljóna farþega sem fara um flugvelli og flugstjórnarsvæði okkar árlega. Okkar hlutverk er að tryggja öryggi þeirra allra og gera för þeirra sem ánægjulegasta.

Við erum að vaxa og þurfum að fjölga í liðinu okkar til að bregðast við sífelldri fjölgun farþega. Stefna okkar er að bjóða upp á gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi, öfluga fræðslu og þjálfun og við leggjum áherslu á jákvæðan starfsanda innan fyrirtækisins.

Kynntu þér störfín sem standa til boða hjá Isavia og vertu með okkur í því að vera hluti af góðu ferðalagi.

[isavia.is/atvinna](http://isavia.is/atvinna)  
[facebook.com/isaviastorf](https://facebook.com/isaviastorf)



## „Dauðanefnd“ um endurskoðun almannatrygginga hefur fellt sinn dóm!



**Helga Björk Grétudóttir**  
formaður, f.h. aðgerðarhóps háttvirtra öryrkja og aldraðra.



**Allt og sumt sem nefnd um endurskoðun almannatrygginga býður hinum smánuðu er 212.000 kr. á mánuði.**

Samtök atvinnulífsins (SA), Alþýðusamband Íslands (SA) sem eru með 50 aðildarfélög og Landssamband eldri borgara (LEB) hafa lagt fram tillögu þess efnis að laun öryrkja séu 212.000 kr. á mánuði. Önnur heildarlaunamtök svo sem Bandalag háskólanna (BHM) með 26 aðildarfélög innan sinna vébanda og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) líka skipuð 26 aðildarfélögum – Kennarasamband Íslands (KÍ) með sjö aðildarfélög styðja þessi lágrúlegu laun 212.000 kr. á mánuði fyrir öryrkja og aldraða.

Með öðrum orðum er þeim nákvæmlega sama um fyrrverandi starfsfélaga.

Engin fyrrnefndra heildarlaunamtaka hafa skríflegt umboð frá öryrkjum og öldruðum þessa lands. Öryrkjabandalag Íslands (ÖBI), Landssamtökin Broska-hjálp, Félag eldri borgara (FEB) og Landssamtök eldri borgara (LEB) hafa heldur ekki skríflegt umboð frá öryrkjum og öldruðum til samningsgerðar við ríki og sveitarfélög.

Við þurfum Landssamtök öryrkja og aldraðra sem annast stéttarfélagsmál.

Allt og sumt sem nefnd um endurskoðun almannatrygginga býður hinum smánuðu er 212.000 kr. á mánuði. Á sama tíma eru umboðslausir fulltrúar heildarlaunamtaka atvinnulífsins og forsvarsmenn hagsmunasamtaka á launum sem eru að lágmarki 900.000 kr. í mánaðarlaun og þar fyrir ofan. Aumir loddarar mega þeir heita sem gefa litt fyrir bágborna stöðu öryrkja og aldraðra.

### Skömm og óþarfa þjáningar

Skerðing á kjörum öryrkja og aldraðra sem enn hefur ekki verið leiðrétt og neikvæð viðhorf til þeirra valda þeim skömm og óþarfa sálarþjáningum sem leiða til sjálfsviga.

Fyrir þremur árum gekk ég á fund aðildarfélaga heildarlaunamtakanna og spurði sérhvert aðildarfélag hvað það gerði fyrir félagsmenn sína. Eftir margra mánaða bið kom sannleikurinn í ljós. Engin aðildarfélög heildarlaunamtaka atvinnulífsins gera eitt né neitt fyrir sína fyrrverandi félagsmenn, nema einstaka aðildarfélag sem lánar þeim sumarþustaði, sem velflestir öryrkjar geta ekki þegið vegna fjárfskorts. Sem þeir geta ekki nýtt sér þar sem velflestir hafa ekki efni á að eiga bíl, né reka. Margur nýtur ekki aðstoðar ættingja sinna sér til hjálpar og er því margur öryrkinn félagslega einangraður.

Lágmarkslaun 18 ára unglings eru hins vegar 260.000 kr. á mánuði, sem að öllu jöfnu hækka eftir þrjú, sex, níu og 12 mánuði. Fari viðkomandi unglingur á nám-skeið t.d. í líkamsbeitingu við þríf, fær viðkomandi þrepahækkun, sem jafnvel svarar til þriggja ára sérfræðináms á háskólasviði. Mér er spurn, hver eru þá laun hins 19 ára unglings á meðan öryrkjum og öldruðum á BARNATAXTA er ætlað að lifa á 212.000 kr.? Þess ber að geta að lágmarkslaun innan raða Bandalags háskólanna (BHM) eru 350.000.

Nú er engin stjórnvaldsákvörðun gild nema ákvörðun um dagsetningu sé fastákvæðin. Ég óska eftir svari frá stjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokki og Framsókn, fyrir 1. september 2016.

Því beini ég þeirri spurningu til ykkar hvort afturvirk leiðrétting á kjörum öryrkja og aldraðra verði fullgilt fyrir 1. september samkvæmt lögjöfnun?

Þá vil ég hreinskilið svar frá stjórnarandstöðuflokkunum Samfylkingunni, Bjartri framtíð, Pírötum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Öll svör verða birt á Fésbókarsíðum öryrkja og aldraðra!

## Þegar ráðherra leggur á skatta



**Pál Rúnar M. Kristjánsson**  
hæstaréttarlagmaður og starfar fyrir Félag atvinnurekenda

Íslenska ríkið hefur í þjóðréttarlegum samningum sínum, helst við WTO og ESB, skuldbundið sig til að heimila innflutning á ákveðnum búvörum á lágum eða engum tollum. Er þetta, í það minnsta að nafninu til, gert til að stuðla að auknum neytendaáþata sem fylgir meira vöruúrvali og lægra vöruverði. Íslenska ríkið hefur hins vegar haft þann háttinn á að bjóða tollkvótana upp og taka þannig sérstakt útbodsgjald af þeim sem flytja inn þessar vörur. Ráðuneyti landbúnaðarmála hefur valið að hafa þennan háttinn á þrátt fyrir að hafa um það val hvort þetta gjald sé tekið eður ei.

Í stjórnarskrá okkar er hins vegar lagt bann við valkvæðri skattlagningu. Þar segir að ekki megi fela stjórnvöldum val um það hvort leggja skuli á skatt. Skattamálum skuli einungis skipað með lögum. Svo fortakslaus er þessi regla í íslenskum rétti að hún er í raun tvítekin í stjórnarskrá okkar, bæði í 40. og 77. gr.

### Ríkið hafði rangt fyrir sér

Nýverið var tekið á um þessa gjaldtöku fyrir dómi. Þar hélt íslenska ríkið því fram að útbodsgjaldið væri ekki skattur. Íslenska ríkið hélt því einnig fram að jafnvel þótt þessi gjaldtaka væri ólögmat ættu þeir sem greiddu ólögmat gjöld

engan rétt á endurgreiðslu þeirra. Í báðum þessum tilfellum hafði íslenska ríkið rangt fyrir sér.

Niðurstaða Hæstaréttar var afdráttarlaus á þá leið að gjaldtakan væri allsherjarréttarlegs eðlis og teldist skattheimta. Því þyrftu lagaheimildir til hennar að uppfylla þau skilyrði, sem gerð eru til fullgildrar skattlagningarheimildar. Það væri því í andstöðu við framangreind ákvæði stjórnarskrár að ráðherra gæti einhliða ákveðið hvort þessi skattur yrði lagður á eða ekki.

Á þeim tíma sem dómsmál þetta tekur til voru valkostir ráðherra hvað þetta varðar alls þrjár. Í fyrsta lagi að taka gjald fyrir tollkvóta, í öðru lagi að varpa hlutkesti eða í þriðja lagi að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda. Þegar dómur Hæstaréttar féll hafði þessum valkostum hins vegar verið fækkað í tvo, þ.e. að taka gjald eða þá að veita almenna heimild til innflutnings.

Um tilvist þessara valkosta getur ekki verið nokkur vafi enda koma þeir fram berum orðum í umræddu lagaákvæði þar sem segir:

Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal ... 4) leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. (...) Heimilt er í stað úthlutanar á tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

### Ráðherra vill engu breyta

Þegar dómur Hæstaréttar í umræddu máli féll mátti íslenska ríkinu vera ljóst að afstaða þess í málinu var röng. Gjaldið er skattur



**Eftir sitja neytendur með innflutningsfyrirkomulag sem markast af viðleitni stjórnvalda til að hafa af þeim þann réttmæta ábata sem alþjóðasamningar eiga að veita þeim.**

og því er allt val um það hvort skatturinn sé lagður á ólögmat endur á fullkominni andstöðu við ákvæði stjórnarskrár. Þá er ótalin sú óskynsemi og yfirborðsmenska sem felst í því að gera þjóðréttarlegan samning um að fella niður einn skatt en leggja svo á annan í staðinn. Á sama tíma er hins vegar ljóst að ráðherra hefur enn þetta val. Engu að síður er látið undir höfuð leggjast að laga þennan bersýnilega meinbug á lögum sem þarna er til staðar. Af nýlegum ummælum landbúnaðarráðherra í fjölmiðlum má meira að segja ráða þá afstöðu að ekkert þurfi að laga og engu að breyta.

Að óbreyttu munu þeir sem greiða þessi gjöld áfram þurfa að sækja endurgreiðslu þeirra fyrir dómi að viðbættum dráttarvöxtum. Eftir sitja neytendur með innflutningsfyrirkomulag sem markast af viðleitni stjórnvalda til að hafa af þeim þann réttmæta ábata sem alþjóðasamningar eiga að veita þeim. Allt samkvæmt ákvörðun ráðherra, sem virðist enn þeirrar skoðunar að þetta fyrirkomulag sé ásættanlegt.

## Endurreisum heilbrigðiskerfið



**Gunnar Alexander Ólafsson**  
hagfræðingur

Íslenska heilbrigðiskerfið stendur á tímamótum. Íslenska heilbrigðisþjónustan er mjög hátt skrifuð hvað gæði og árangur varðar í alþjóðlegum samanburði og innan hennar starfar mjög faglegt starfsfólk. Heilbrigðisþjónustan býr við gamalt húsnæði, úrelt tæki og fjársvelt.

Á næstu árum þarf að endurreisa heilbrigðiskerfið. Fyrst og fremst þarf að auka hlut hins opinbera í fjármögnun á heilbrigðisþjónustu. Í dag er hlutur heilbrigðisþjónustu, bæði opinberra aðila og heimila um 8,7% af vergri landsframleiðslu (VLF). Þetta hlutfall er lægra en gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Til að ná sama hlutfalli og gerist í hinum norrænu ríkjum þarf það að hækka í a.m.k. í 10,5% af VLF. Ef heilbrigðisútgjöld væru um 10,5% af VLF væru þau um 35 milljarðum hærra en þau eru í dag. Það munar um minna. Það má skynja í umræðu í samfélaginu að vaxandi skilningur sé fyrir því að auka fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar en það skiptir máli hvernig hugsanleg aukning þarf að skila sér til heilbrigðismála.

Í fyrsta lagi þarf að tryggja að kostnaðarþátttaka almennings í heilbrigðisþjónustu verði innan viðráðanlegra marka, þ.e. að heildarkostnaður einstaklings á ári verði ekki hindrun fyrir því að viðkomandi leiti til heilbrigðisþjónustu eða kaupi lyf. Þetta kallar á hagfræðingu um leið og greitt verði fyrir ákveðna

heilbrigðisþætti eins og sálfræðiþjónustu eða verkja- og sýklalyf sem í dag er fyrir utan greiðsluþátttöku ríkisins.

Í öðru lagi þarf að styrkja heilsugæsluna á SV-horni landsins á þann hátt að hún geti orðið fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu ef ekki þurfi á bráðaþjónustu að halda. Það þarf að gera fólki kleift að fá sinn „heimilislækni“ á sinni heilsugæslustöð og ef lækni- og sýklalyfjakostnaður er hærri en þetta er til sérfræðings verði það því að kostnaðarlausu. Aftur á móti standi fólki til boða að leita beint til sérfræðilækna en þá þurfi að greiða herra verð fyrir þá þjónustu. Það þarf að auka þjónustusvið heilsugæslunnar á þann hátt að í boði verði þjónusta sjúkrahjúfa, sál-, næringar- og heilsufræðinga sem sinna viðkomandi varðandi hreyfingu og mataræði.

Í þriðja lagi þarf að halda áfram með byggingaráætlanir á nýjum Landspítala við Hringbraut og setja kraft í framkvæmdir svo dýrmætur tími fari ekki til spillis við að taka nýja spítalann í notkun, öllum landsmönnum til góða. Til viðbótar framkvæmdum við nýjan spítala þarf að tryggja fé til tækjakaupa þannig að spítalinn búi jafnan við bestu tæki sem í boði eru.

Í fjórða lagi þarf að ráðast í byggingu á 80-100 hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu til að mæta gríðarlegri eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum. Vanræksla undanfarinna ára að bregðast við þessari þörf hefur haft þau áhrif að um 50 sjúklingar sem alla jafnan ættu að liggja í hjúkrunarrýmum liggja „rúmfastir“ í dýrum rýmum á Landspítalanum. Ástandið varðandi hjúkrunarrými er einna verst á höfuðborgarsvæðinu. Þessu til viðbótar þarf að þróa nýjar leiðir, eins og samræmda þjónustu ríkis og sveitarfélaga við að veita eldri borgurum kost á að



**Í fyrsta lagi þarf að tryggja að kostnaðarþátttaka almennings í heilbrigðisþjónustu verði innan viðráðanlegra marka, þ.e. að heildarkostnaður einstaklings á ári verði ekki hindrun fyrir því að viðkomandi leiti til heilbrigðisþjónustu eða kaupi lyf.**

búa sem lengst í heimahúsum eins og hægt er með þróaðri félags- og hjúkrunarþjónustu.

Í fimmta lagi þarf að samræma betur sjúkraflutninga á landsvísi. Það eru margir aðilar sem sinna sjúkraflutningum á Íslandi, t.d. sér Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um sjúkraflutninga á því svæði og starfsmenn heilbrigðisstofnana á Vesturlandi sjá um sjúkraflutninga á því svæði. Í lofti sér Landhelgisgæslan um bráðaflutninga og stundum einnig almenna sjúkraflutninga en flestum sjúkraflutningum í lofti er sinnt af einkafyrirtæki sem á eina flugvél. Það er eðlilegt að skoða hvort hægt sé að samræma sjúkraflutninga í landinu betur í ljósi bættra samgagna og breyttra aðstæðna.

Flest ofangreindra atriða eru þess eðlis að þau kalla á meiri fjármuni til heilbrigðisþjónustu. Það er í samræmi við vilja um 85 þúsund Íslendinga sem skrifuðu undir ákall um meiri fjármuni í heilbrigðisþjónustu sem Kári Stefánsson stóð fyrir. Ef herra hlutfall af VLF (eins og kemur fram að ofan) myndi ganga eftir, myndi sú fjárhagslega styrking fara langleiðina með að fjármagna alla ofangreinda þætti sem ég hef nefnt.

# NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á [visir.is/fbl](http://visir.is/fbl) eða beint í gegnum





# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

## NÝJAR VÖRUR

### KYNNINGARVERÐ

NÝTT

#### LOFTKEFLI

15 metrar  
Með veggfestingu  
PVC  
3/8" tengi

vnr TRI03015G

**8.633** m/vsk

Verður 11.511



#### RAFMAAGNSKEFLI

14 metrar  
Með veggfestingu  
230 V  
3 X 1,5mm  
5,25 Kg

vnr TRI03315D

**8.287** m/vsk

Verður 11.050



#### BRÉFASTANDUR

Léttur og  
þægilegur standur  
fyrir bréfarúllur

vnr TRM4901

**1.974** m/vsk

Verður 2.632



#### HJÓLATJAKKUR

3 Tonn  
Minnsta hæð 140mm  
Mesta hæð 520mm  
Nettur og stöðugur tjakkur  
Þyngd 36,5kg

vnr T83001

**12.958** m/vsk

Verður 17.277



#### FLÖSKUTJAKKJAR

Góðir tjakkar  
Suða á samskeytum  
kemur í veg fyrir olíuleka.



2.000 kg	Verð	<b>1.314 kr</b>	Verður	4.752
5.000 kg	Verð	<b>1.885 kr</b>	Verður	2.514
10.000 kg	Verð	<b>2.566 kr</b>	Verður	3.408
20.000 kg	Verð	<b>7.641 kr</b>	Verður	40.188
30.000 kg	Verð	<b>9.795 kr</b>	Verður	43.060

vnr TH90204 - 930001

NÝTT

#### LEGUBRETTI

1.025 X 425 X 105mm  
Stálrammi  
6,7Kg

**3.274** m/vsk

Verður 4.365



#### SKAFTTALIUR

750 kg	Verð	<b>9.127 kr</b>	Verður	42.469
1000 kg	Verð	<b>9.592 kr</b>	Verður	42.798
1500 kg	Verð	<b>11.971 kr</b>	Verður	45.964
2000 kg	Verð	<b>12.523 kr</b>	Verður	46.697
3000 kg	Verð	<b>19.102 kr</b>	Verður	25.469
6000 kg	Verð	<b>28.015 kr</b>	Verður	37.353

vnr TRC7075 - 7062



#### VINNUSTÓLL

380 X 380 X 440mm  
Hækkun 120mm  
Með hillu  
Þægileg seta  
360° snúningur

vnr TR6201C

**4.075** m/vsk

Verður 5.433



#### VÉLAGÁLGI 2T



2.000 Kg  
Low Profile - Quick lift  
Hægt að snúa 360°  
Lyftigeta 25 - 2.300mm

vnr T32002CE

**37.624** m/vsk

Verður 50.165

#### GÍRKASSATJAKKUR

Lyftir 500 Kg  
Minnsta hæð 1.440mm  
Mesta hæð 1.995mm

vnr TEL05004

**16.324** m/vsk

Verður 21.765



[www.sindri.is](http://www.sindri.is) / sími 575 0000

Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

# SINDRI



**FH komið með sjö stiga forskot á toppi Pepsi-deildar karla**

**Pvillik markavél** Dalvíkingurinn Atli Viðar Björnsson var í byrjunarliði FH í gær, þakkaði traustið og skoraði fyrsta mark leiksins. Hann fagnaði með því að horfa beint í myndavélina hjá Stefáni Karlssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Þetta er algjör draumabyrjun**

Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson svífur hátt þessa dagana og nýtur lífsins í botn enda hefur ferill hans með enska liðinu Wolves farið frábærlega af stað. Hann er þegar orðinn hetja hjá stuðningsmönnum.

**FÓTBOLTI** „Það er mikilvægt að ná að byrja svona vel. Það er alveg frábært og þetta er búið að vera ótrúlega gaman,“ segir Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson sem hefur farið af stað með miklum látum hjá Wolves í ensku B-deildinni.

Jón Daði hefur verið í byrjunarliði félagsins í öllum fjórum leikjum tímabilsins, skorað tvö mörk og leikið mjög vel. Liðið hefur ekki enn tapað leik og Jón Daði er þegar orðinn hetja hjá stuðningsmönnum félagsins.

„Það voru miklar væntingar gerðar til mín og fint að létta af sér pressunni strax í upphafi,“ segir Jón Daði en hver er lykillinn að þessari frábæru byrjun hans með Úlfunum?

**Fengið góðar móttökur**

„Ég held að það sé að ég hafi verið algjörlega tilbúinn í þennan slag. Vissulega allt nýtt en ég var tilbúinn í það og reyndi að komast inn í allt sem fyrst. Það hefur gengið vel hjá mér. Liðsfélagarnir hafa líka tekið vel á móti mér og það hjálpar auðvitað líka. Það var mjög auðvelt að koma inn í klefann þarna og flott stemning hjá okkur. Ekki skemmir síðan fyrir að það gengur vel. Englendingurinn er með góðan húmor líka. Gaman að þeim. Mér liður mjög vel í þessu umhverfi.“

Selfyssingurinn stæðilega er sérstaklega ánægður með hversu vel hefur gengið að skora en hann taldi sig eiga inni á því sviði.

„Mér fannst ég hafa verið óheppinn hjá síðustu félögum. Ég var ekki að fá mörk færi. Spilaði kannski vel



Jón Daði fagnar hér marki sínu gegn Birmingham um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

en skoraði ekki nóg af mörkum. Þetta er því skref í rétta átt því hér fæ ég fleiri færi. Þessi fótbolti hentar mér líka mjög vel. Af þeim liðum sem höfðu áhuga á mér þá hafði Wolves langmestan áhuga. Það var mjög mikilvægt fyrir mig. Ég finn því fyrir trausti í minn garð. Þetta er bara flott.“

**Geggið að taka víkingaklappið**

Eins og áður segir elska stuðningsmenn Wolves Jón Daða og hann tók víkingaklappið vinsæla með liðsfélögum sínum og stuðningsmönnum félagsins eftir sigurinn gegn Birmingham um nýliðna helgi. „Þetta er geggið og nánast „flash-back“ frá EM að fá að taka víkinga-

klappið aftur með stuðningsmönnum. Þetta var rosalega skemmtilegt og frábært að ná að tengjast stuðningsmönnum svona strax. Ég leiddi klappið fyrir okkur en það vantaði trommuna hjá áhorfendum. Þetta var of hratt og ekki alveg eins svalt og á EM. Það verður einhver að redda trommu þarna,“ segir Jón Daði og hlær.

„Ef það er einhvern tíma hægt að tala um draumabyrjun þá er það þessi byrjun hjá mér hérna. Vonandi næ ég að halda dampi. Þetta er langt tímabil og mitt markmið er að reyna að halda stöðugleika í vetur. Það er áskorun. Það er búið að bæta við leikmönnum og samkeppnin verður áfram hörð og ég tek henni bara. Hún heldur manni á tánum og gerir mann betri.“

**Zenga er fyndinn**

Þjálfari félagsins er hinn þekkti Ítali Walter Zenga. Zenga var einn besti markvörður heims á sínum tíma og mikil goðsögn í fótboltaheiminum. Jón Daði er ánægður með hann þó að honum finnst æfingaálagið kannski aðeins of mikið.

„Hér er æft og æft og ekkert frí. Zenga er ekkert mikið í því að gefa frí,“ segir Jón Daði léttur. „Það er gaman að Zenga. Hann er mikill karakter og er með annan Ítala með sér. Þetta eru fyndnir strákar. Alvarlegir og fyndnir á sama tíma. Hann er auðvitað með miklar kröfur og aga samt,“ bætir Selfyssingurinn við en hann er þó ekki nógu gamall til þess að muna eftir leikmanninum Zenga en er búinn að kynna sér feril hans vel í dag. henry@frettabladid.is

**Nýjast****Pepsi-deild karla****Fylkir - ÍA 0-3**

0-1 Albert Hafsteinsson (10.), 0-2 Darren Lough (27.), 0-3 Garðar Gunnlaugsson (57.). Skagamenn eru komnir í efri hlutann en Fylkir er sem fyrr í fallsæti.

**FH - Stjarnan 3-2**

1-0 Atli Viðar Björnsson (24.), 1-1 Hólmbergt Aron Friðjónsson (33.), 2-1 Kassim Doumbia (52.), 2-2 Hólmbergt Aron Friðjónsson (56.), 3-2 Daniel Laxdal, sjm (77.). FH-ingar eru í kjörstöðu í deildinni eftir sigurinn og önnur lið verða að treysta á Guð og lukkuna.

**Víkingur - ÍBV 2-1**

1-0 Vladimir Tufegdzic (34.), 1-1 Simon Smidt (35.), 2-1 Vladimir Tufegdzic (89.). Eyjamenn eru allt annað en lausir við falldrauginn en þetta var fyrsti leikurinn síðan Bjarni Jóh hætti.

**Próttur - Valur 0-4**

0-1 Kristinn Freyr Sigurðsson (26.), 0-2 Andri Adolphsson (48.), 0-3 Kristinn Freyr Sigurðsson (62.), 0-4 Kristinn Ingi Halldórsson (65.). Engin bikarþynnka hjá Valsmönnum sem vinna annan stórsigur eftir bikarúrslitin. Þróttara bíður ekkert nema fall líkt og í síðustu umferðum.

Efst		Neðst	
FH	34	Víkingur R.	24
Fjölnir	27	KR	23
Stjarnan	27	Víkingur Ó.	19
Breiðablik	27	ÍBV	17
Valur	25	Fylkir	13
ÍA	25	Þróttur	8

**SÁ LAUNAHÆSTI Í SÖGU UFC**

Conor McGregor er í algjörum sérflokki þegar kemur að launum í UFC-bardagadeildinni en það endurspegladist í launatölum helgarinnar fyrir UFC 202. McGregor vann Nate Diaz en eins og áður hefur verið greint frá bætti McGregor met með því að fá þrjár milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 350 milljóna króna, fyrir að berjast við Diaz í 25 mínútur. Diaz fékk tvær milljónir Bandaríkjadala fyrir bardagann en samtals fengu þeir félagar fimm af 6,1 milljón sem var útteilt fyrir bardagana á UFC 202. Anthony Johnson fékk næstmest þar fyrir utan, en hann fékk 270 þúsund dollara, jafnvirði 31 milljónar króna, fyrir sigurinn á Glover Teixeira. Helmingurinn af þeirri upphæð var bónusgreiðsla fyrir sigurinn.

**BLIKAR Í MEISTARAEILDINN**

Breiðablik hefur leik í Meistaradeild Evrópu í dag en í húfi er sæti í 32-liða úrslitum keppinnar. Breiðablik er í riðli með þremur öðrum liðum og fara allir leikirnir fram í Wales. Sigurvegari riðilsins kemst svo áfram í 32-liða úrslitin. Blikar mæta Spartak Subotica frá Serbíu í fyrsta leik sínum klukkan 18.00 í dag en leika svo gegn NSA Sofia frá Búlgaríu á fimmtudag og að lokum gegn heimamönnum í Cardiff Met. Ladies á sunnudag. Alls eru níu riðlar í forkeppninni en 23 hæst skrifuðu lið keppinnar komast beint í 32-liða úrslitin.

**Í dag**

**18.40 Roma - Porto** Sport  
**18.40 Burton - Liverpool** Sport 2





”Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.

Sigrún Emma Björnsdóttir

”Sykurlöngunin hvarf algjörlega og mittismálið minnkaði.

Karen Hauksdóttir



## MINNI SYKURLÖNGUN - ALLT ANNAÐ LÍF

**Artasan kynnr** Raspberry Ketones og Trim-It frá Natures Aid eru vel þekkt og afar vinsæl þyngdarstjórnunarefni. Raspberry Ketones dregur verulega úr sykurlöngun og eykur orku á meðan Trim-It hjálpar til við hreinsun líkamans og örvar meltinguna.

### RASPBERRY KETONES + GRÆNT TE

Raspberry Ketones er unnið úr kjarna hindberja og að auki er grænt te í blöndunni. Raspberry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin, sem heilbriggt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og svo brennum við fitu betur. Þegar þessi hormón starfa rétt, við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega þá söfnum við ekki umframfitu.

Grænt te er fullt af andoxunarefnum og lífrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi, fitutap (aukin fitubrennsla) og það getur dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum.

### TRIM-IT

Trim-It er nýtt á íslenska markaðnum en þessi öfluga blanda inniheldur bætiefni sem hafa verið notuð til þyngdarstjórnunar í áratugi. Þessi blanda hjálpar til við hreins-

un líkamans og örvar meltinguna. Trim-It inniheldur m.a. eplaedik sem hjálpar til við hreinsun eiturefna úr líkamanum og eðlileg efnaskipti, lesítín sem auðveldar meltingu á fitu og kelp (brúnþörunga) sem er sérlega steinefnaríkt. Önnur efni eru B6 sem hjálpa meltingunni og hveitíkím sem er gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið.

Kelp, B6-vítamín og lesítín vinna einnig eins og náttúruleg þvagræsilyf sem hefur marga kosti því þannig getur maður losnað við umframvökva án þess að mikilvæg steinefni/sölt skolist út úr líkamanum.

### SYKURLÖNGUNIN HVARF

Sigrún Emma Björnsdóttir, sem stundar crossfit af kappi og er einkabjálfari, hefur notað Raspberry Ketones frá Natures Aid lengi. „Ég fann mun strax á fyrstu vikunni því sykurlöngunin nánast hvarf. Í kjölfarið minnkaði sykurlöngun og blóðsykurinn varð jafnari sem auðveldaði mér að borða bæði minna og hollari mat. Ég fann strax mun á

orkunni og skapaði varð miklu betra því sykur fer virkilega illa í skapað á mér. Mittismálið á mér hefur einnig minnkað og ég er öll mikið léttari á mér,“ segir Sigrún Emma og bætir því við að hún hafi komið töflunum í rútínuna hjá sér og taki alltaf eina fyrir morgunmatinn og eina fyrir hádegismat.

### 19 KÍLÓ FARIN

„Ég er orkumeiri og einnig finnst mér ég ekki þurfa að borða eins mikið og áður og ég sleppi sælgæti algjörlega,“ segir Karen Hauksdóttir sem starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu en hún hefur notað Raspberry Ketones með góðum árangri. Nítján kíló hafa fokið eftir að hún fór að nota efnið.

### VILTU VINNA ÁRSBIRGÐIR AF TRIM-IT?

Nú er leikur í gangi á sölustöðunum okkar þar sem við erum að bjóða sérstaka tilboðspakkningu af Raspberry Ketones og Trim-It, þar sem Trim-It er selt með fimmtíu prósentu afslætti. Í nokkrum toppum á tilboðs-



”Raspberry Ketones er það eina sem hefur virkað fyrir mig,“ segir Jóhanna Sverrisdóttir en hún hefur misst hvorki meira né minna en 20 kíló.

pakkningunum leynist vinningur og nú þegar hafa tveir komið í leitirnar. Það eru fleiri í boði, þannig að þú gætir verið heppin(n).

**Söluastaðir: Flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana**

## Tai chi (Yang shi og Chen shi)

Kynningarnámskeið og fyrirlestrar  
26. ágúst til 3. september.

Allir áhugasamir um eigin heilsu ættu að nýta sér þetta námskeið.

Kennarar frá tveimur virtum háskólum í Kína.

Einstakt tækifæri!  
Upplýsinga í síma 553 8282



Þú finnur okkur á Facebook

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Endalaust sumar  
**ENDALAUS GSM**  
2.990 KR.\*



ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN\*

\*Greiðt er aukalega fyrir færslumarkum erlands, til útlanda og í upplýsinganúmer.  
Námsupplýsingar er að finna í GSM skýlinum á 365.is  
\*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB

1817 | 365.is | 365

## English for All - Let's speak English

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna  
Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum
- Nýr byrjendahópur að fara af stað



ENSKA FYRIR ALLA

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@enskaforiralla.is



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga



## Verðhrun á útsölnunni


# 50 - 80% afsláttur

Buxur	1.900 - 6.900 kr.
Kjólur	1.900 - 5.900 kr.
Pils	500 - 3.900 kr.
Efri partar	900 - 5.900 kr.

Opið virka daga kl. 11-18  
Opið laugardaga kl. 11-15

Nýtt kortatímabil

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516  Kikið á myndir og verð á Facebook



HAUST/VETUR 2016  
**BLUE HOUR**  
KOMIÐ Í VERSLUN

**BASLER**

 ParisarTizkan  
SKIPHOLT, 29B



Þátttakendur í einni af göngum Allt er hægt í yndislegu veðri. Þarna er Addý að útskýra hvernig Esjan varð til og ýmislegt skemmtilegt um jarðfræði.

## NJÓTA NÁTTÚRUNNAR

Í gönguferðum gönguhópsins **Allt er hægt** er náttúrunnar notið í rólegheitum. Áhersla er lögð á hæglati og heilnæmi og horft er á fjallahringinn, hlustað á fuglasönginn, brosað og haft gaman.

Lilja Björk  
Hauksdóttir  
liljabjork@365.is



Ásgerður Einarsdóttir, sem er yfirlétt kölluð Addý og er leiðsögumaður og ferðamálafræðingur, stofnaði fyrir nokkrum árum gönguhóp sem hefur það að markmiði að fólk upplifi náttúruna í rólegheitum. „Sagan á bak við gönguhópinn er þannig að ég var á göngu á Hornströndum sumarið 2010 þegar mér fannst ég ganga svo hægt. Þá hugsaði ég með mér að ég skyldi stofna gönguhóp og hann ætti að heita „Allt er hægt“. Svo missti ég vinnuna eftir hrun og Eyjafjallagosið þannig að þá varð þetta að viðskiptahugmynd og ég ætlaði að búa mér til vinnu í kringum þetta. Ég fékk síðan vinnu þannig að það hægðist um í göngunum en mér finnst þetta svo yndisleg hugmynd og hugmyndafræði að mig langar að halda áfram og er að fara af stað með þetta aftur núna.“

### FARA EKKI LANGT YFIR SKAMMT

Gönguferðirnar eru í anda hæglatishreyfingarinnar (e. slow-movement) en það er hreyfing sem byrjaði á níunda áratugnum. „Ég fann bók á bókamarkaði fyrir nokkrum árum sem heitir „Lifðu lífinu hægar“ eftir kanadískan blaðamann. Hann kemur reyndar ekki inn á „slow-travel“ í bókinni en fjallar mikið um „slow-food movement“ sem er eins konar andsvar við „fast-food“ eða skyndibitamenningu. Þessi hugmyndafræði felur í sér að taka sér tíma til að búa sér til eitthvað gott úr hráefni héraðsins og njóta matarins. Í ferðaþjónustunni snýst þetta meðal annars um að skoða nærumhverfið, það þarf ekki að fara langt til að sjá fallega náttúru. Ég er búin að uppgötva alls kyns leynifossa, gil og lautir hér í allra næsta nágrenni,“ útskýrir Addý.

Hún segist vilja ná bæði andlegri og líkamlegri vellíðan út úr gönguferðunum. „Þetta snýst ekki um að vera í einhverju súperformi, við förum hægt og rólega og fræðumst um leið. Ég er með smá fróðleiksmola og svo fer fólk að spjalla



Ásgerður Einarsdóttir, leiðsögumaður og ferðamálafræðingur, stofnaði fyrir nokkrum árum gönguhópinn Allt er hægt, sem hefur það að markmiði að fólk upplifi náttúruna í rólegheitum.

saman og miðla fróðleik, sumir vita allt um plöntur og aðrir um fugla. Við skoðum umhverfið, öndum að okkur ferska loftinu og birkiilmínum og setjumst niður og tímum ber ef við finnum þau. Á vorin smökkuðum við hundasúrur og alltaf reynum við að njóta náttúrunnar eins og hægt er.“

### FJALLIÐ VERÐUR ÁFRAM

Addý er lærdur leiðsögumaður og er í björgunarsveit þannig að hún veit allt um að ganga hratt. „Ég hef komist að því að mér líður betur þegar ég get farið í rólegheitunum. Minn gönguhraði er frekar hægur og svo er ég líka forvitin að eðlisfari og vil skoða allt í kringum mig sem ég næ ekki að gera á hraðari göngu. Gönguferðirnar eru fyrir alla, bæði fullorðna og börn, og ég hef meira að segja haft maraþonhlaupara í göngu með mér og svo er þetta líka upplagt fyrir ljósmyndara en ekki síður fyrir fólk sem vill koma sér aftur eða í betra form í rólegheitunum. Einkunnarorðin eru: Við stefnum á toppinn, en það liggur ekkert á, því fjallið verður þarna eitthvað áfram,“ segir hún og brosir.

Hugmyndafræði hæglatishreyfingarinnar getur vel átt við ferðamennsku á Íslandi að mati Addýjar. „Þetta er eitthvað sem ég sé framtíð í fyrir íslenska ferðaþjónustu, að bjóða upp á náttúru-



Snædis Eir Ingólfssdóttir, systurdóttir Ásgerðar, og Anna María, dóttir samstarfskonu hennar, Anna María fléttaði blómkransa handa þeim í göngu við Hvaleyrarvatn.

upplifun í stað þess að þeysast fram og til baka í rútu.“

Hópurinn sem fer með Addý í göngunum er allt upp í tuttugu manns. Hún stefnir á að fara allt árið og þá aðallega um helgar. Nánari upplýsingar um göngunum má finna á Facebook undir heitinu Allt er hægt – gönguferðir eða senda Ásgerði póst á netfangið allterhaegt@gmail.com.

### FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ

sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

### ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 | SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433




Endalaust sumar

# ENDALAUS GSM

## 2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TÁL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN\*

EKKI Hafa ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMARI!

Settu þig í samband og fáðu Endalaus GSM  1817  365.is 

\*Gætt er aðallega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is

\*30 GB gagnamagn er efniþjálfið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB



# Heilsurækt

KYNNINGARBLAÐ Heilsa og spa | JSB | Heilsuborg | Icepharma | Ölgerðin

23. ágúst 2016

## Eykur lífsgæðin

Fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason stundar vikingaprek, fjallgöngur, jóga og hugleiðslu. **SÍÐA 2**

## Kajak á Breiðafirði

Það getur verið ævintýraleg upplifun að skoða landið á kajak. **SÍÐA 10**

## Kringum Langjökul

Eva Jónasdóttir vann Glacier 360 keppnina ásamt liðsfélaga sínum. **SÍÐA 12**

MYND/STEFAN KARLSSON

**FERSKIR KALDPRESSAÐIR SAFAR**

- ⊗ 100% Hreinir ávextir og grænmeti.
- ⊗ Engin gervisæta
- ⊗ Engin viðbættur sykur.

**COLDPRESS** Smoothie's

**COLDPRESS** Grænmetissafar

**COLDPRESS**





Sölvi æfir vikingaprek í Mjölni en hefur í sumar stundað sína líkamsrækt utandyra. MYND/STEFÁN

**Almennt er ég hrifinn af því að taka styttri æfingar og hafa þá keyrsluna þeim mun meiri, en þegar kemur að fjallgöngum eða útiveru getur verið mjög gaman að hreyfa sig lengi og hvíla hugann á meðan.**

Sölvi Tryggvason

# Hugarró og velliðan

BRAGÐ-OG LYKTARLAUS

LÍFRÆN VOTTUÐ

# KÖKOSOLÍA

## BRAGÐ-OG LYKTARLAUS

**Hentar vel í matargerð, ofan á brauð, til að poppa popp, í baksturinn, í þeytinginn, á húðina eða til inntöku.**

H-Berg ehf | Grandatröð 12 | 220 Hafnarfjörður | hberg@hberg.is | sími 565-6500 | hberg.is



Heilsuréttir fjölskyldunnar

# Hollusturéttir við allra hæfi



Með viðbættu  
**OMEGA-3**



Eftir að bækurnar okkar **Heilsuréttir fjölskyldunnar** og **Nýir heilsuréttir** komu út kom í ljós að fólk hefur því miður ekki alltaf tíma til þess að elda næringarrikan mat frá grunni eins og það vildi gera, m.a. til þess að forðast aukaefni og of mikinn sykur. Þannig að fljótlega varð okkar næsta verkefni að búa til heilsurétti án aukaefna, viðbættis sykurs, eins og maturinn væri í raun matreiddur í eldhúsinu heima, en samt hægt að kaupa tilbúna úti í búð. Nú eru komnir tveir nýir réttir frá okkur, **Grænmetisþottréttur með viðbættu Omega-3** og **Fiskibollur með viðbættu Omega-3**. Bragðgóðir réttir, fullir af þarflegum næringarefnum.

Bestu kveðjur, Berglind og Siggí.







Ágústa og Eva á fullri ferð upp brekku í Glacier 360 keppninni. Þær stöllur gerðu sér lítið fyrir og unnu keppnina.

MYND/SNORRI ÞÓR TRYGGVASON



Eva og Ágústa náðu að vinna vel saman í keppninni, héldu húmornum í lagi og hvöttu hvor aðra áfram.



Eva hefur stundað hjólreiðar lengi en aðallega notað hjólið sem samgöngutæki. Hún keppti fyrst á hjóli sumarið 2014.

**BOOZTBAR**  
ÁRTÚNSHÖFÐA • BORGARTÚNI • HRINGBRAUT

*Flokkustá í einu glasi*

Skýr.is

# Nauðsynlegt fyrir fullorðna að leika sér

**Eva Jónasdóttir** hefur stundað hjólreiðar lengi en keppt í um tvö ár. Hún gerði sér lítið fyrir og vann Glacier 360 keppnina ásamt liðsfélaga sínum, Ágústu Eddu Björnsdóttur, en í keppninni er hjólað 290 kílómetra í kringum Langjökul.

**Lilja Björk Hauksdóttir**  
liljabjork@365.is



Glacier 360 hjólakeppnin, þar sem hjólað var í kringum Langjökul á þremur dögum, var áskorun frá upphafi til enda að sögn Evu Jónasdóttur, fæðinga- og kvensjúkdómalæknis á Kvennadeild Landspítalans, sem sigraði í kvennaflokki keppinnar. „Mér bauðst að taka þátt í keppni með Ágústu Eddu Björnsdóttur, sem er ótrúlega sterk hjólakona. Garminbúðin studdi okkur í keppninni og við hjóluðum saman allan tímann, samtals 290 kílómetra eða rúmar 15 klukkustundir á þremur dögum. Við unnum kvennaflokkinn en það hefði klárlega verið meira hvetjandi og spennandi að hafa fleiri kvennalið sem verður vonandi næst.“

## Ögrun og upplifun

Fyrsti leggur keppinnar var frá Geysi í Húsafell, sá næsti á Hveravelli og loks var endamark við Gullfoss. Þetta er í fyrsta sinn sem keppnin er haldin og á hún eflaust eftir að vaxa að sögn Evu. „Ég mæli hiklaust með þessari keppni fyrir fólk sem finnst gaman að ögra sér og upplifa nýja hluti. Veðrið og landslagið var engu líkt. Skrokkurinn á manni finnur samt alveg fyrir þessu, og ég gat alveg hugsað mér að gera eitthvað annað en að setjast aftur á hjólið þriðja daginn til að klára þessa 290 kílómetra. En svo var það einhvern veginn allt í lagi þegar við vorum lagðar af stað og þetta var bara gaman. Við Ágústa náðum að vinna vel saman, héldum

„Ég mæli hiklaust með þessari keppni fyrir fólk sem finnst gaman að ögra sér og upplifa nýja hluti. Veðrið og landslagið var engu líkt. Skrokkurinn á manni finnur samt alveg fyrir þessu.“

Eva Jónasdóttir

húmornum í lagi og hvöttum hvor aðra áfram,“ segir Eva brosandí.

## Féll fyrir sportinu

Eva hefur átt ágætis hjól frá átta ára aldri þegar hún keypti sér rautt DBS-hjól sem hún hafði safnað sér lengi fyrir. Hún notaði hjólið hins vegar nánast eingöngu sem samgöngutæki þar til hún keypti sér götuhjól (racer) fyrir sumarið 2014. „Góð vinkona mín tilkynnti mér í ársbyrjun 2014 að við værum að fara að taka þátt í WOW cyclothon í fjögurra manna liðakeppni. Ég á frekar erfitt með að taka ekki áskorunum sem þessum og því var ekkert annað í stöðunni en að kaupa götuhjól og byrja að hjóla. Við fórum fjórar stelpur með mismikla hjólareynslu en allar í góðu formi í þessa keppni án þess að vita hvað við værum að fara út í. Á fyrstu skipulagsfundunum fyrir keppnina reyndi ég að láta lítið á því bera hvað ég vissi nákvæmlega ekkert um hjólasportið, en var reynd-

ar fljót að koma upp um mig. Við unnum fjögurra manna kvennaflokkinn það árið og eftir þetta var ég alveg fallin fyrir sportinu,“ segir hún í léttum dúr.

## Gæðastundir á hjóli

Eva hefur mest keppt í götuhjólakeppnum en aðeins á fjallahjóli. Hjólreiðamótin eru flest yfir sumartímam og segir Eva það vera þúsl að taka þátt í þeim með bæði fjölskyldu og vinnu. „Ég tek ekki þátt í öllum mótum, en reyni að vera með þegar það gengur upp í öllu þúslinu sem lífið er. Nú er ég að taka þátt í keppnum annað sumarið mitt og maður er stöðugt að læra. Þetta snýst um ansi margt annað en bara að stíga hratt.“

Eva hefur gengið ágætlega í keppnunum en hún segist vera fyrst og fremst í þessu sporti vegna þess að henni finnst það gaman. „Ég hef kynnst frábæru fólki sem gefur mér mikið og gaman er að vera með. Það er svo annað mál að líklega gæti ég alveg gert betur ef meiri tími og alvara færi í æfingar hjá mér. Þetta er allt spurning um forgangsröðun og hjólaæfingar eru ansi tímafrekar. Hjólin sameina margt af því sem mér finnst skemmtilegt og jákvætt. Þau henta öllum, bæði stórum og smáum, ungum og fullorðnum. Þannig getur fjölskyldan farið saman og notið samverunnar. Við hjónin hjólum mikið saman og búum þannig til gæðastundir, bæði tvö ein og með vinafólki. Útveran gerir manni gott og frelsið sem maður fær á hjólinu. Það er nauðsynlegt að leika sér og hafa gaman þó að maður sé orðinn fullorðinn.“

**TENNIS**  
er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN  
Kópavogi

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is





Grænmetis-sesamaggarnir eru mjög vinsælir meðal yngstu kynslóðarinnar.



Grænmetispylsur og grænmetisborgarar eru frábær á grillið.



Hälsans Kök býður upp á fjölbreytt úrval grænmetis- og grænkeraréttanna sem gaman er að prófa. Fljótlegt er að elda þá, hvort sem það er gert í ofni, á grilli eða pönnu.

# Bragðgóð hollusta frá Hälsans Kök

Undanfarin ár hafa grænmetis- og grænkeraréttir frá Hälsans Kök notið sívaxandi vinsælda hér á landi. Um er að ræða próteinríka og hitaeingasnauda rétti sem henta allri fjölskyldunni. Átta ljúffengir réttir fást í fjölda matvöruverslana víða um land.

Grænmetis- og grænkeraréttir frá Hälsans Kök hafa notið sívaxandi vinsælda undanfarin ár en flestar matvöruverslanir landsins bjóða upp á átta mismunandi rétti frá þessu heimspekkta sænska vörumerki. Þótt réttirnir hafi upphaflega fyrst og fremst verið hugsaðir fyrir grænmetisætur og þá sem aðhyllast vegan-mataræði henta þeir jafn vel þeim sem borða allan mat.

Réttirnir frá Hälsans Kök eru holl og bragðgóð máltíð fyrir alla þá sem vilja huga að heilsunni. Réttirnir eru hitaeingasnaudir og próteinríkir auk þess sem það tekur skamma stund að elda þá, hvort sem það er gert í ofni, á pönnu eða á grilli. Vinsældir Hälsans Kök fara einnig sívaxandi hjá þeim sem vilja hollan valkost í hádeginu eða á kvöldin.

## Mjög gott úrval

Hälsans Kök var stofnað árið 1986 og var meðal fyrstu fyrirtækja í heiminum til að mæta hinni miklu eftirspurn eftir grænmetisfæði sem líktist sem mest kjötfæði.

Markmið Hälsans Kök hefur alla tíð verið það sama; að búa til góðan og hollan mat þar sem saman fara gæði, gott bragð, hollusta og einfaldleiki. Vörumerkið er mjög þekkt víða í Evrópu, t.d. í Englandi, Hollandi, Þýskalandi, Belgíu, Sviss, Austurríki og á Ítalíu. Og nú hafa Íslendingar tekið þessum vörum opnum örmum.

Átta vörutegundir frá Hälsans Kök fást hér á landi. Það eru grænmetisnitsel, grænmetis-sesamaggarnar, ítalskar grænmetisbollur,



Frumlegt og bragðgott.

## FALAFEL GRÆNMETISÆTUNNAR

### Fyrir fjóra

- 2 pk. Falafel frá Hälsans Kök
- 4 flatbrauð að eigin vali (líka hægt að nota pítubrauð)
- 1 eggaldin
- 1 hvítlaugsgeiri
- 3 msk. ólífuolía
- 1 msk. sítrónusafi
- 1 tsk. tahini (sesam smjör)
- 1 rauðlaukur
- 4 msk. rauðvínsedik
- ½ kúrbítur (u.p.b. 250 g)
- ½ dl sultana rúsínur (eða venjulegar)
- 1 dl hrein jógúrt
- 100 g rómansalat
- Salt og pipar eftir smekk



Stillið ofninn á 225°C. Skerið eggaldin

in langsum, radið á ofngrind og bakið í 30 mínútur.

Blandið saman smátt söxuðum hvítlauk, ólífuolíu, sítrónusafa og tahini, bætið við salti og pipar eftir smekk. Rómansalatið rífið niður og dressingunni blandað saman við.

Skerið rauðlaukinn í þunnar sneiðar og blandið með rauðvínsedikinu. Saxið rúsínurnar smátt niður, skerið kúrbítinn í þunnar sneiðar og hrærið saman við jógúrtina. Hitið Hälsans Kök falafel-bollurnar samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Fyllið flatbrauðin (eða pítubrauðin) með öllum innihaldsefnum.

## GRÆNMETISBORGARAR ERU LJÚFFENGUR VALKOSTUR Á GRILLIÐ

- 1 pakki (300 g) af Hälsans Kök hamburgurum

- 4 msk. sýrður rjómi 10%
- 1 hvítlaugsgeiri
- 1 eggaldin
- 4 hamburgarabrauð eða gróf rúnstykki (t.d. Veggen Spelt frá Hatting)
- 4 msk. BBQ sósa
- Salt og pipar eftir smekk
- Gráðaostur (valkvætt)



Hrærið saman sýrðum rjóma, salti, pipar og smátt söxuðum hvítlauk. Bætið við gráðaosti ef þið viljið. Skerið eggaldin langsum í sneiðar. Hitið brauðin í ofni samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Hitið grillið og penslið með olíu. Grillið eggaldin-sneiðarnar í 2-3 mínútur á hvorri hlið, gott getur verið að nota grillbakka svo að sneiðarnar detti ekki ofan í grillið. Grillið hamburgar-

ana í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Að lokum er gott að léttgrilla brauðin. Radið svo ofan á brauðið eggaldini, hamburgara, ¼ af sýrðarjómablöndunni, BBQ-sósu og lokið síðan með brauði. Með þessu er gott að hafa heimalagað salat með radísum og timjan.

## SALAT

- 1 hvítlaugsgeiri
- 3-4 msk. majónes
- 1 msk. sýrður rjómi 10%
- ¼ tsk. fínsaxað timjan
- 10-15 stk. radísur
- Salt og pipar

Skerið radísur í fínar sneiðar. Blandið fint söxuðum hvítlauknum saman við majónes og sýrðan rjóma. Blandið síðan timjan og radísum saman við og kryddið með salti og pipar eftir smekk.



Réttirnir henta ekki bara grænmetisætum og þeim sem aðhyllast vegan mataræði heldur öllu fólki.

**Markmið Hälsans Kök hefur alla tíð verið það sama; að búa til góðan og hollan mat þar sem saman fara gæði, gott bragð, hollusta og einfaldleiki. Vörumerkið er mjög þekkt víða í Evrópu.**

Kök seldar í öllum helstu verslunum eins og Krónunni, Bónus, Nóa-túni, Fjarðarkaupum, Víði, Hagkaupum og Þinni verslun.

Nánari upplýsingar um Hälsans Kök réttina má finna á sænsku á heimasíðu þeirra [www.halsanskok.se](http://www.halsanskok.se).

elska naggana. Á Íslandi eru vörur frá Hälsans



## ÍS Í HOLLARI KANTINUM

Ofþroskaðir bananar eru til margra hluta nyttsamlegir. Þegar gera á vel við sig og nóg til af bönunum sem ekki eru lengur lystugir er tilvalið að skella í bananaís, sem er þá örflítið hollari en sá úr ísbúðinni.


Mikilvægt er að frysta hann nógu vel áður en hann er borinn á borð. Úr uppskriftinni fæst um einn lítri af ís

### Bananaís

4 vel þroskaðir bananar  
1 ½ bolli léttmjólk (kókos-, möndlu- eða hrísmjólk)  
1 tsk. vanilludropar

Maukið bananana í matvinnsluvél. Bætið mjólkinni og vanillunni út í vélna og maukið allt saman. Bætið meiri mjólk við ef blandan er of þykk. Hellið blöndunni í eitt stórt form eða í íspinnaform og setjið í frysti.

Auðvelt er að breyta til með því að bæta hálfum bolla af kakói við uppskriftina og þá er kominn súkkulaði/bananaís.



## Tíðahringsöpp eru feikivinsæl

Framboðið á smáforritum sem fylgjast með tíðahring kvenna er afar mikið. Talið er að slíkum smáforritum eða öppum hafi verið hlaðið niður 200 milljón sinnum í heiminum, en frá þessu er greint á heilsuvef BBC.

Slík öpp eru í öðru sæti yfir vinsælustu öppin í flokki heilsu- og líkamsræktarsmáforrita. Aðeins hlaupaforrit eru vinsælli.

Konur sjá ýmsa kosti við öppin. Á vef BBC er til dæmis rætt við sópransöngkonu sem segir að á vissum tímabilum tíðahringsins hafi aukið hormónaflæði áhrif á barkakýlið og þar af leiðandi röddina. Hún passar því að bóka aldrei áheyrnarviðtöl og frumsýningar á slíkum tíma.

Hún segir appið einnig hjálpa sér við að skilja tilfinningasveiflur sínar betur, af hverju hún borði vissa hluti á vissum tímum og af hverju hún fái höfuðverki.

Vísindamenn við Royal College of Obstetricians and Gynaecologists hafa hins vegar varað konur við því að taka of mikið mark á slíkum smáforritum, sér í lagi ef nota á þau í stað getnaðarvarna.

Forritin þykja misáreiðanleg. Þannig fá konur sem hlaða niður tíðahringsöppum, sér í lagi fríum öppum, sendar fjölda auglýsinga. Bent hefur verið á að konur þurfi að athuga vel hvort smáforritinu sé treystandi. Sum þeirra miðla til dæmis viðkvæmum upplýsingum til aðila sem nýta þau í auglýsingaskyni.

Konur hafa notað appið til að fylgjast með tíðahringnum og ýmsu því sem honum tengist.

**Göngum frá verknum**

HWITA HÚSID / SJA - Actavis 011011

## Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbuprofén sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Íbúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, migreni, tanþínu, tíðaverkjum og hita. **EKKI MÁ TAKA ÍBÚFEN:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbuproféni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnáð upp eftir að hafa tekið íbuprofén eða skyld lyf. Þeir sem þjáðst hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörm) í tengslum við fyrri notkun bólqueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smáþörmum (skeifugörm) eða hafa áður þjáðst af slíku, tvísvar eða oftast, með alvarleg lífrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómur meðtaldin), þeir sem þjást af umtalsverðum vökvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of lítillar vökvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldar), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáraristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn's) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumamyndun, vandamál tengd blóðstorkun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lífrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð eattu ekki að nota lyfið. Íbuprofén getur valdið nýrnvandamálum hjá börnum og unglungum sem skortir vökvu. **Meðgangna/brjóstgjöf:** Íbuprofén má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Íbúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Íbuprofén getur gert konum erfiðara með að verða þunguðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Íbuprofén berst í brjóstamjólki í litlum mæli og brjóstgjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtíma meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjörukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kviðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sáramyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólgur í ristli og meltingarvegi (Crohn's) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglungar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Fullorðnir skulu ekki taka Íbúfen í meira en 7 daga og unglungar ekki meira en 3 daga án samráðs við lækni. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Íbúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Október 2015.**

Actavis





## Sykurinn út fyrir kanel og möndlumjólk

Margir gæða sér á bláberjum með sykri og rjóma á þessum tíma árs, enda nær órjúfanleg blanda. Á sama tíma eru sumir að reyna að draga úr sykri og jafnvel að gera tilraunir með annað en sykri og rjóma.

Bláber eru stútfull af hollustu og kannski óþarfi að úða yfir þau sykri. Sérstakleg ef hægt er að finna bragðgott tilbrigði. Hér fylgir meinholl samsetning sem bragð er að og tilvalið að prófa. Möndlumjólkin er sæt og kanillinn líka og flestir komast að raun um að sykrinum sé hreinlega ofaukið.

1 dl bláber  
1 dl möndlumjólk  
1 ts. kanill  
Væn lúka heslihnetuflögur

Hellið bláberjum í skál. Dreifið kanil og flögum yfir og vætið með möndlumjólki. Þessi blanda kemur á óvart og gengur jafnt sem morgunmat og léttur eftirréttur.



## Ráð gegn kvíða

Kvíði kemur upp hjá flestum endrum og sinnum en hjá öðrum er hann hamlandi. Stundum er hann fylgifyskur heilbrigðrar skynsemi en oftast er ekki um að ræða ástæðulausan ótta.

Til eru ýmsar leiðir til að vinna gegn kvíða og getur hreyfing og það að hafa eitthvað fyrir stafni haft heilmikið að segja.

### HÉR ERU NOKKUR RÁÐ SEM GAGNAST KVÍÐANUM:

- Að lita í litabók
- Að gera öndunaræfingar
- Að hlusta á góða tónlist
- Að skrá áhyggjurnar niður
- Að hugleiða
- Að fara í göngutúr
- Að stunda líkamsrækt
- Að skrifa dagbók
- Að fara í heitt bað
- Að nota stressbolta
- Að hlæja
- Að skapa
- Að stunda jóga
- Að fara í göngutúr
- Að sleppa kaffi og koffindrykkjum
- Að dansa
- Að púsla
- Að stunda einhvers konar handavinnu
- Að halda sig frá samfélagsmiðlum

## FJÖR FRAM UNÐAN

Ferðafélag barnanna var stofnað árið 2009 á vegum Ferðafélags Íslands. Höfuðmarkmið þess er að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru landsins og fá þannig öll börn til að upplifa sanna gleði í náttúrunni og upplifa leyndardóma umhverfisins.

Félagið skipuleggur skemmtilega dagskrá yfir árið en sumarið er viðburðaríkasti tími ársins. Fram undan eru nokkrar skemmtilegar ferðir sem henta börnum á ýmsum aldri og fjölskyldufólki. Fyrst ber að nefna árlega sveppasöfnun í Heiðmörk næsta laugardag. Þar kenna sérfræðingar frá Háskóla Íslands göngufólki að þekkja matsveppi og aðferð-



ir við að geyma þá og matreiða í fjörugri ferð. Laugardaginn 3. september verður haldið á slóðir Nóbelskáldsins og labbað um Mosfellsdal. Gengið verður um rómuð berjalönd áleiðis að Helgufossi og endað á safninu á Gljúfrasteini. Laugardaginn 10. september verður svo árleg ferð að hæsta fossi landsins sem er Glymur í Hvalfirði. Fossinn er í þröngu og djúpu gili og þykir æsileg gönguferð fyrir unga göngumenn og jafnvel þá eldri líka.

Ókeypis er í allar þessar ferðir og þarf ekki að panta fyrirfram. Frekari upplýsingar um Ferðafélag barnanna má finna á [www.ferdafelagbarnanna.is](http://www.ferdafelagbarnanna.is).

# CLINIQUE

## Clinique dagar í Lyfjaveri Suðurlandsbraut 22 dagana 23. – 30. ágúst.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900,- kr. eða meira\*

### Kaupaukinn inniheldur:

Liquid facial soap, mild – andlitssápu, 50ml  
Sculptwear serum – serum, 8ml  
Smart SPF 15 cream – dagkrem, 15ml  
High Impact mascara – svartan mascara, 3.5ml  
Eyeshadow + blush – 2 augnskuggar og kinnalitir í boxi  
Long last matte lipstick – varalit, full stærð  
Fallega snyrtibuddu

\*á meðan birgðir endast.



CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% Ílmefnalaust

Sérfræðingur frá Clinique verður í Lyfjaveri þriðjudag og miðvikudag.

LYFJAVER

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík



## BÍLAR & FARARTÆKI



TOYOTA Yaris. Árgærd 2016, ekinn 100 KM, bensín, 5 girar. Verð 2.490.000. Rnr.263215. Á staðnum



FORD C-max. Árgærd 2014, ekinn 28 PKM, bensín, 6 girar. Verð 2.590.000. Rnr.107427. Á staðnum

Bílasalan Planid  
Korputorgi, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
Opíð 10-18. Lau 12-16  
www.planid.is



LAND ROVER Discovery 4 HSE SDV6 BLACK PACKET. Árgærd 2014, ekinn 39 PKM, 256PS dísel, sjálfskiptur. 7 manna Verð 12.690.000. Rnr.433220.



BMW X5 XDRIVE40D. Árgærd 2012, ekinn 104 PKM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 6.990.000. Rnr.432758.



LAND ROVER RANGE ROVER TDV8 Árgærd 2012, ekinn 142 PKM, 313PS dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 9.490.000. Rnr.433449.



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED VOGUE. Árgærd 2007, ekinn 129 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.290862.



LAND ROVER Discovery 4 SDV6 HSE. Árgærd 2012, 256PS ekinn 96 PKM, dísel, sjálfskiptur. 7 manna Verð 9.690.000. Rnr.433858.

Bílasala Reykjavíkur  
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.  
Sími: 587 8888  
www.br.is



### SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR.

Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
suzuki@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is



### 100 BÍLAR ERU FLUTTIR Í STEKKJARBAKKA 4 VIÐ HLIÐINA Á GARDHEIMUM.

Vantar bíla á skrá og á staðinn. 100 bílar Stekkjarbakka 4, 109 Reykjavík



BMW 318 D, 6/2011, ek 51 þús km, sjsk, einn eigandi, sumar og vetardekk, gott eintak, nýkominn úr yfirhalingu hjá umboði, ásett verð 3.850 þús, er á staðnum, raðnr 152562.

100 bílar ehf  
Stekkiarbakki 4, 109 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15  
www.100bilar.is



### PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is

### Bílar til sölu



NULL  
VW Polo 2005 árg. 139km. 5 girar. Verð 399þ kr. S. 6162597

### Bílar óskast

### BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Kerrur



Kerrur frá 144.900.- Evrópsk gæðaframleiðsla. Kynntu þér úrvalið á kerrur.is Dekkjahöllin sími 460 3000

### Bátar



Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir  
Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær  
Sími: 555 6444 - www.maras.is

# Vatnshitablasarar



Tilboð  
89.990

Öflugir blásarar með þykkar kopar pípum og léttari hönnun.

## Purrkbox

í ferðavagninn fyrir veturinn

Tilboð  
3 fyrir 2

## Purrktæki

Er rakastigið of hátt?



Tilboð  
frá kr  
44.990

## Hitavír í þakrennur



Tilboð  
kr./m  
1.450

Haltu rennunum hreinum í vetur.



# ishúsið



# viftur.is

-andaðu léttar



**Hjólbarðar**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

**ÞJÓNUSTA**

**Garðyrkja**

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & ÚTANBORÐSMÓTORAR**

Skemmsvegur 34  
Brún gata

Viðgerðir

SLÁTTUVÉLAPIJÓNUSTA  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsviðhald**

**Parketslípun**  
sólþallaslípun | parketlagningir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

**Gólflist**

99% RYKFRITT

Húsmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

**KEYPT & SELT**

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**HEILSA**

**Nudd**

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HÚSNÆÐI**

**Geymsluhúsnæði**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Ög ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**SÓLAR EHF**

Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

Óska eftir smíð í vinnu ,og get tekið að mér nema í húsmíði. Uppl. í s. 893-5374

**Atvinna óskast**

**PROVENTUS STARFSMANNAPIJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

**tilkynningar**



**Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbýggðar.**

Hafin er undirbúningur við gerð deiliskipulags Brjánslæk en um er að ræða tvær tillögur. Annars vegar við höfnina og Flókatóftir og hins vegar ofan vegar við Prestsetrið. Deiliskipulagstillaga þessi kallar á breytingu á Aðalskipulagi Vesturbýggðar 2006-2018.

Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á lóð vestan við prestsetrið þar sem reisa á 16 smáhýsi/gistihús fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi. Prestbústaðnum verður breytt í sýningarrými og kaffihús.

Skipulagslýsingin sem er sett fram í greinargerð verður til sýnis á skrifstofu tæknideildar Vesturbýggðar Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði og á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbýggd.is.

Íbúum og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar við skipulagslýsinguna og skal þeim skilað skriflega á skrifstofu Vesturbýggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði eða á netfangið vesturbýggd@vesturbýggd.is fyrir 5. september n.k.

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

**STRÁ**

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is



## fasteignir



## FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÓTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Stafnasel 1. Vel staðsett einbýlishús

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ  
HÚS

Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 254,4 fm. einbýlishús á 750,0 fm. glæsilegri lóð við Stafnasel. Mögulegt er að gera auka íbúð í bílskúr, sem er 69,4 fm. að stærð. Einnig er hægt að hafa 5 svefnherbergi í húsinu. Nýlegar og vandaðar innréttingar og tæki eru í eldhúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og gólfefni að stærstum hluta. Verð 79,9 millj. Eignin er virkilega vel staðsett á fallegum og skjólsælum útsýnisstað. Örstutt frá Ölduselsskóla, tveimur leikskólum, ÍR-svæðinu og nokkurra mínútna gang í Salalaug í Kópavogi. Verið velkomin.

### Rjúpnasali 10 - Kóp. 4ra herb. á 3. hæð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ  
HÚS

Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgæmslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér staði í bílagæmslu. Verð 39,9 millj. Verið velkomin.

### Heiðarhjalli 29 - Kóp. 3ja herb. Sérinnng.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ  
HÚS

Virkilega falleg og vel skipulögð 95,0 fm. íbúð með sérinnngangi á jarðhæð með 33,0 fm. verönd til suðurs og gríðarlega fallegu útsýni að Reykjanesinu. Eignin stendur á virkilega fallegum og veðursælum útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Verð 39,9 millj. Frábær staðsetning á veðursælum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Verið velkomin.

## atvinna



## SÖLUFULLTRÚI

Karl K. Karlsson ehf. óskar eftir að ráða öflugan sölufulltrúa til starfa. Í boði er fullt starf hjá spennandi fyrirtæki með frábært vöruúrval

Þú þarft að hafa góða söluhæfileika, frábær í samskiptum og sýna lipurð í starfi.

Starfið er fjölbreytt sem felst meðal annars í sölu til viðskiptavina, heimsóknnum, tryggja framsetningu, símasölu og mörgu fleira.

#### Helstu kröfur:

- Sterkir söluhæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frábær þjónustulund
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Í boði er að vinna með frábæru teymi, sem vinnur náð saman.

Áhugasamir sendið umsókn með ferilskrá til; sigurdur@karlsson.is fyrir kl. 18:00 þann 28. ágúst 2016.

## fjarnám

## Viltu verða góður stjórnandi?

Verk- og stjórnendanám er fjarnám fyrir starfandi og verðandi millistjórnendur í framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum.

Markmiðið er að gefa þátttakendum tækifæri á að stunda stjórnendanám á sínum forsendum, auka faglega og hagnýta þekkingu á mannauðsstjórnun með því að efla þekkingu, leikni og hæfni.

Ég – Verkstjórinn / millistjórnandinn (Lota 1) hefst 22. september 2016.

Aðilar að VSSÍ geta sótt um styrk í menntasjóð VSSÍ og SA fyrir allt að 80% af námskeiðsgjaldi. Umsóknareyðublöð eru á [www.vssi.is](http://www.vssi.is)

Nánari upplýsingar veitir Kristján Óskarsson, [kro@nmi.is](mailto:kro@nmi.is)

Sótt er um á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, [www.nmi.is](http://www.nmi.is)



Starfsmenntasjóður  
SA og VSSÍ



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands



## Ásahreppur auglýsir eftir skrifstofumanni

Starfið felst í almennum skrifstofustörfum, s.s. móttöku og símsvörum, færslu bókhalds, skjalavörslu, launavinnslu, uppfærslu heimasíðu auk annarra tilfallandi verkefna. Starfshlutfall er 33%. Starfsaðstaða er á Laugalandi, 851 Hella.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Almenn menntun og/eða reynsla af skrifstofustörfum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla eða þekking á bókhaldi.
- Reynsla eða þekking á skjalavörslu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun skv. kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknnum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [nanna@asahreppur.is](mailto:nanna@asahreppur.is) fyrir 5. september 2016.

Nánari upplýsingar veitir Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri í síma 487-6501.

## YFIRNÁTTÚRULEG ÞJÓNUSTA & ELDHÚSSTÖRF

Við leitum að framúrskarandi fólki í fullt starf á veitingastöðum okkar. Ef þú hefur áhuga á að þjónusta viðskiptavini okkar eða taka þátt í að framreiða ferskan og heilnæman mat í skemmtilegum og jákvæðum hópi fólks, sendu okkur þá umsókn á netfangið:

[umsoknir@glo.is](mailto:umsoknir@glo.is)

#### Kröfur um hæfni og þekkingu:

Góð þjónustulund og snyrtimennska  
Gott vald á íslensku og talaðri ensku  
Hafa náð 18 ára aldri



Laugavegur 20b · Engjateigur 17-19 · Fákafen 11  
Hæðasmári 6 · Sími 553 1111 · [www.glo.is](http://www.glo.is)  
#GloMeUp · @gloiceland



## atvinna

## SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,  
VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA  
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF

s. 777 2 333

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





# Ali Gæði



Ali skinkur bera **Græna skráargatið**  
og eru án olnæmisvaldandi efna





# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og tengdamóðir,  
**Anney Alfa Jóhannsdóttir**  
sjúkraliði,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar þann 10. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Arndís Einarsdóttir**  
**Jóna Margrét Hauksdóttir**  
**Alda Ósk Hauksdóttir**  
**Einar Haukur Hauksson**  
**barnabörn og barnabarnabarn.**

**Ingvar Vigur Halldórsson**  
**Baldur Lárusson**  
**Sigurður Einar Kristjánsson**  
**Gyða Valdís Traustadóttir**



Ástkær eiginmaður, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,  
**Páll G. Gunnólfsson**  
frá Þórshöfn á Langanesi,  
Bergstaðastræti 21,

lést 11. ágúst á hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum allan kærleik sem okkur hefur verið sýndur í minningu Páls.

**Einar Pálsson**  
**Hörður Sigþórsson**

**Ásta M. Einarsdóttir**  
**Rannveig Helgadóttir**  
**Freyja K. Þorvaldsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Jóhanna Þórhallsdóttir**  
Hæðargarði 35,

lést aðfaranótt 21. ágúst 2016. Útförin verður auglýst síðar.

**Rögnvaldur Gunnarsson**  
**Jónína Ingibjörg Gunnarsdóttir**  
**Steinþór Gunnarsson**  
**Inga Hlíf Ásgrímsdóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Þorbjörg K. Ásgrímsdóttir**  
**Inga Hlíf Ásgrímsdóttir**



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Ólöf Eldjárn**  
þýðandi og ritstjóri,  
Öldugötu 30, Reykjavík,

verður jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 24. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar má benda á Minningarsjóð Kristjáns Eldjárn's gítarleikara, Minningarsjóð Karitas og Minningarsjóð líknardeildar Landspítalans.

**Stefán Örn Stefánsson**  
**Kristján Andri Stefánsson**  
**Stefán Hallur Stefánsson**  
**David Samúelsson**  
**Ágúst Breki Eldjárn Stefánsson**



*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

**Snævar Jón Andrésson**

## Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánar-bússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

## Vinkonur halda upp á afmælið sitt saman

Anna Gréta Sigurðardóttir og Stína Ágústsdóttir halda tónleika ásamt gestaspilurum á sameiginlegu afmæli sínu í kvöld. Á dagskrá verða einungis þeirra upphaldslög.

„Þar sem við Anna Gréta Sigurðardóttir píanisti eigum báðar afmæli í dag þá tókum við okkur saman og ákváðum að halda tónleika,“ segir Stína Ágústsdóttir söngkona spurð út í Dúettinn 23/8 sem kemur fram í Hannesarholti í kvöld þar sem gleðin og hamingjan mun ráða ríkjum.

Á dagskrá verða einungis þeirra upphaldslög og ekkert verið að festa sig við tegund tónlistar eða uppruna. Flest verður þó nokkuð djassskotið og auðvelt áheyrnar þar sem þær spila einna helst djassstónlist þegar þær koma fram saman.

„Það er aldrei að vita nema við fáum einhverja gestaspilara í heimsókn,“ segir Stína og hvetur sem flesta til þess að mæta og gleðjast með þeim vinkonum á þessum skemmtilegu tímamótum.

Fyrri verkefni þeirra vinkvenna hafa vakið athygli en nýliðin sumur ferðudust þær um Island með hljómsveit sinni og



Anna Gréta og Stína eru báðar búsettar í Stokkhólmi þar sem þær eru athafnasamar í sænsku djasssenunni og koma reglulega fram víða um Svíþjóð.

spiluðu tónlist Bjarkar í djassútsetningum og tónlist sænsku djassdívunnar Monicu Zetterlund. Anna Gréta og Stína eru báðar búsettar í Stokkhólmi þar sem

þær eru athafnasamar í sænsku djasssenunni og koma reglulega fram víða um Svíþjóð með þekktum sænskum tónlistarmönnum. [gudrunjona@frettabladid.is](mailto:gudrunjona@frettabladid.is)



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Elísabet Þórðardóttir**  
frá Suðureyri við Ségandafjörð, síðast til heimilis í Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 16. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þann 24. ágúst kl. 13.

**Hjördis Guðjónsdóttir**  
**Margrét Th. Guðjónsdóttir**  
**Grétar Þór Guðjónsson**  
**Jón Vigfús Guðjónsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Magnús I. Björgvinsson**  
**Einar Þorláksson**  
**Kristín E. Gústafsdóttir**  
**Khampha Chanthasen**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Ingibjörg Danielsdóttir**  
frá Bergsstöðum á Vatnsnesi,

lést á sjúkrahúsinu á Hvammstanga mánudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 26. ágúst klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á sjúkrahúsið á Hvammstanga.

**Hjálmar Pálmason**  
**Gylfi Pálmason**  
**Hólmgeir Pálmason**  
**Bergþór Pálmason**  
**Ásgerður Pálmadóttir**  
**Svanhildur Pálmadóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Guðlaug Sigurðardóttir**  
**Ingibjörg Þorlákssdóttir**  
**Sigrún Marinósdóttir**  
**Sigurður Ámundason**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Erla Aðalsteinsdóttir**  
Eirarholti, Grafarvogi, áður Blönduósi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 15. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju þann 29. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Eirarholt, hjúkrunarheimilinu Eir.

**Sturla Snorrason**  
**Guðrún Snorradóttir**  
**Aðalsteinn Snorrason**  
**Bjarni Snorrason**  
**Steinunn Snorradóttir**  
**ömmu- og langömmubörn.**

**Árni Þór Hilmarsson**  
**Ingibjörg Kjartansdóttir**  
**Kristín Linda Steingrimsdóttir**  
**Sævar Sverrisson**



Okkar ástkæra  
**Þóra Björgvinsdóttir**  
Sléttuvegi 31, Reykjavík,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 16. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 24. ágúst klukkan 11.

**Erla Friðriksdóttir**  
**Örn Friðriksson**  
**Valur Friðriksson**  
**Metta Kristín Friðriksdóttir**  
**Björgvin Friðriksson**

**Friðrik Jóhann Stefánsson**  
**Snorri Þórisson**  
**Aðalbjörg Pálsdóttir**  
**Ragna Proppé**  
**Jón Sigurðsson**  
**Brynhildur Benediktsdóttir**  
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Unnur Sigursteinsdóttir**  
síðast til heimilis að Grænumörk 2, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum á Selfossi þann 20. ágúst sl. Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á Alheimersamtökin.

**Jón B. Stefánsson**  
**Gísli Stefánsson**  
**Sigmundur Stefánsson**  
**Dóra Sjöfn Stefánsdóttir**  
**Anna Björg Stefánsdóttir**

**Ásdís J. Rafnar**  
**Guðrún Björnsdóttir**  
**Ingileif Auðunsdóttir**  
**Óskar Jónsson**  
**Bergur T. Sigurjónsson**  
**Gissur Jensen**

og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Magnús Þorbergur Jóhannsson**  
Hólmavík,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík miðvikudaginn 17. ágúst 2016. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.00.

**Svandís G. Magnúsdóttir**  
**Jóhann S. Magnússon**  
**Þorbjörg Magnúsdóttir**  
**Kristbjörg R. Magnúsdóttir**  
**Sigfríður Magnúsdóttir**  
**Jón Magnús Magnússon**  
**Dagrún Magnúsdóttir**

**Lárus Kristinn Lárusson**  
**Bára Benediktsdóttir**  
**Magnús H. Magnússon**  
**Ásmundur H. Vermundsson**  
**Eiríkur Snæbjörnsson**  
**Anna Jóna Snorradóttir**  
**Þórður Halldórsson**  
**afabörn og langafabörn.**



# PIZZUVEISLA!

Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.  
Gildir um allar pizzur



**399** kr. stk.  
THIN & CRISPY OG DEEP PAN PIZZUR

**599** kr. stk.  
ICELAND STONE BAKED

**799** kr. stk.  
ICELAND STUFFED CRUST

**599** kr. stk.  
ICELAND WOOD FIRED

**899** kr. stk.  
CHICAGO TOWN TAKEAWAY PIZZUR

**399** kr. Pic.  
Verð frá  
CHICAGO TOWN PIZZUR 2 Í PAKKA

**5 Fyrir 4**  
af öllum pizzum

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.




OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur



Austan 5-13 í dag. Rigning með köflum suðaustan til á landinu en víða bjartviðri norðan- og vestanlands er líður á morguninn en stöku skúrir síðdegis. Hiti allt að 20 stigum á norðan- og vestanverðu landinu en annars 10 til 15 stig.

## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b> ☀️ 14° ↙ 3	<b>Ísafjörður</b> ☁️ 10° ↓ 4	<b>Akureyri</b> ☀️ 14° ← 3	<b>Reykjavík</b> ☁️ 15° ← 2	<b>Ísafjörður</b> ☁️ 11° ↙ 5	<b>Akureyri</b> ☁️ 14° ← 4
<b>Egilsstaðir</b> ☁️ 13° ↖ 1	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☁️ 14° ← 8	<b>Hveravellir</b> ☀️ 10° ↓ 2	<b>Egilsstaðir</b> ☁️ 11° ↙ 3	<b>Kirkjubæjarkl.</b> ☁️ 11° ← 6	<b>Hveravellir</b> ☁️ 11° ↑ 4

## Þrautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- eignir
  - tveir eins
  - nár
  - raus
  - hljóta
  - kærleiks
  - gístihús
  - skóli
  - hyggja
  - til viðbótar
  - hreyfing
  - málmhúða
- LÓDRÉTT**
- þurrka út
  - fæddi,
  - 4fremdýri
  - skjön
  - fuglategund
  - arinn
  - sigað
  - fiskur
  - besti árangur
  - ónefndur

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LAUSN**

